



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

20
1999-2019

Ársskýrsla
Fjármálaeftirlitsins

2019



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2019

Útgefandi:
Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520 3700
Tölvupóstur: fme@fme.is

Hönnun & umbrot: ENNEMM

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Efnisyfirlit

Efni ársskýrslunnar.....	5
Ávarp forstjóra	7
Hlutverk Fjármálaeftirlitsins	9
Skipurit Fjármálaeftirlitsins.....	9
Stjórn Fjármálaeftirlitsins.....	10
I. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins.....	11
1 Eftirlitsstarfsemi.....	12
Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	12
Eftirlit með váttryggingastarfsemi.....	13
Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar.....	13
Eftirlit með verðbréfamarkaði.....	14
Fjöldi og eðli mála sem tekin voru til skoðunar á starfsárinu.....	14
Lýsingar.....	16
Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum.....	16
Eftirlit með viðskiptaháttum, fjárfestavernd og málefni neytenda	16
Aukin áhersla á fjárfestavernd.....	17
Greining á kerfisáhættu og þjóðhagsvarúð.....	18
Eiginfjáraukar.....	18
Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárförf á álagstímum	19
Kerfisáhætta á verðbréfamarkaði.....	19
Kerfisáhætta á lífeyrismarkaði	19
Alþjóðleg þróun í eftirliti með kerfisáhættu váttryggingafélaga.....	19
Vettvangsathuganir	20
Hæfismat, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar	22
Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.....	22
Virkir eignarhlutir	22
Starfsleyfi, skráningar, samrunar og skiptingar og afturköllun starfsleyfa	22
Skoðun á mögulegri starfsemi án leyfis.....	23
Aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.....	24
Aukið eftirlit og ný lög samþykkt.....	24
Eftirlit og vettvangsathuganir	24
Aukin fræðsla	24

Stjórnsýsluviðurlagaheimildir í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.....	24
Alþjóðasamstarf.....	25
Evrópska efnahagssvæðið.....	25
Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin.....	25
2 Viðurlagamál.....	26
Mál sem lauk með stjórnvaldssekt eða sátt á starfsárinu.....	26
Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum.....	26
Vætanlegar breytingar á framkvæmd vegna birtingar ákvarðana um beitingu stjórnsýsluviðurlaga.....	26
3 Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar.....	28
Lagabreytingar á árinu 2018.....	28
Ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.....	28
Ný lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.....	29
Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á árinu 2018.....	29
Yfirstandandi innleiðing Evrópugerða.....	30
4 Mannauður, rekstur og afkoma.....	32
Skipulagsbreytingar.....	32
Stafræn þróun.....	32
Mannauður.....	32
Rekstur og afkoma 2018.....	33
Rekstraráætlun ársins 2019.....	33
Skipting ráðstöfunartíma.....	33
II. Fjármálamarkaðurinn 2018.....	34
1 Lánamarkaður.....	35
Eignir.....	35
Eiginfjárstaða.....	35
Rekstrarafkoma.....	36
Lausafjárstaða og fjármögnun.....	37
Útlánaáhætta og eignagæði.....	37
2 Vátryggingamarkaður.....	39
Rekstur.....	39
Fjárfestingar.....	40
Efnahagur.....	40
Umsvif erlendra vátryggingafélaga.....	41

3	Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar	43
	Efnahagur	43
	Fjárfestingar	43
	Samtryggingardeildir	43
	Séreignarsparnaður	44
	Afkoma.....	45
4	Verðbréfamarkaður	47
	Þróun á hlutabréfamarkaði.....	47
	Þróun á skuldabréfamarkaði.....	48
5	Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir	51
	Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða	52
III	Annáll ársins	53
1	Helstu atburðir frá maí 2018 til aprílloka 2019.....	54
2	Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2018 til aprílloka 2019.....	64
3	Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2018 til aprílloka 2019.....	65
IV	Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	66
1	Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.....	67
2	Starfsemi erlendra aðila á Íslandi.....	68

Efni ársskýrslunnar

Í fyrsta hluta ársskýrslunnar er fjallað um það sem hæst bar í starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu 1. maí 2018 til 30. apríl 2019. Sagt er frá eftirliti með fjármálafyrirtækjum, váttryggingastarfsemi, lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar, verðbréfamarkaðinum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Þá er þar einnig fjallað um hæfismat, leyfisveitingar, greiningu á kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja og eftirlit með aðgerðum til varnar peningþvætti og alþjóðasamstarf Fjármálaeftirlitsins. Þá er í þessum fyrsta hluta einnig umfjöllun um beitingu viðurlaga á starfsárinu, farið yfir þær breytingar sem urðu á réttarheimildum fjármálamarkaðar á liðnu starfsári og sagt frá rekstri, innviðum og afkomu stofnunarinnar.

Í öðrum hluta er fjallað um stöðu og þróun fjármálamarkaðarins á árinu 2018, lánamarkað, váttryggingamarkað, lífeyrissjóði og vörsluaðila lífeyrissparnaðar og þróun á verðbréfamarkaði.

Í þriðja hluta skýrslunnar er annáll ársins með útdrætti úr helstu fréttum úr starfsemi Fjármálaeftirlitsins á starfsárinu. Þar er einnig yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar á tímabilinu sem ársskýrslan nær til.

Í lok skýrslunnar eru svo töflur með fjölda aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og yfirlit yfir starfsemi erlendra aðila á Íslandi.

Skýrslan er birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins.



Ávarp forstjóra

Fjármálaeftirlitið stendur á tímamótum. Í ár minnumst við þess að tuttugu ár eru liðin síðan Fjármálaeftirlitið var stofnað, sem sjálfstætt alhliða eftirlit, þegar bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið voru sameinuð. Þessi tuttugu ár hafa verið afar viðburðarrík á íslenskum fjármálamarkaði og fyrir stofnunina.

Þess er skemmst að minnast að á árunum 2002 og 2003 voru ríkisbankarnir, Búnaðarbankinn og Landsbankinn, einkavæddir. Í framhaldi af því varð mikil uppsveifla, knúin áfram af erlendri lántöku og hagnýtingu réttinda til að bjóða fjármálaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem endaði með hruni. Á upphafsárum sínum rétt eftir aldamót var Fjármálaeftirlitið fremur fámenn stofnun sem hafði lítil tók á að byggja upp innviði. Árið 2008 hafði starfsmannafjöldi þó á skömmum tíma farið úr um 30 í 56. Í kjölfar hrunsins var Fjármálaeftirlitinu með neyðarlögunum treyst fyrir stórum verkefnum og mikilli ábyrgð við að leiða endurskipulagningu fjármálakerfisins og frumrannsóknir efnahagsbrota vegna falls bankanna. Nú þegar þessum verkefnum er lokið sjáum við hve vel tókst til en það var ekki sjálfgefið haustið 2008. Vil ég á þessum tímamótum sérstaklega votta þáverandi stjórnendum og starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins virðingu mína fyrir hve þrautgóðir þeir reyndust á raunastund. Á þessum tíma myndaðist skilningur á því að eftirlit með svo flókinni og mikilvægri starfsemi væri mannaflsfrekt og var stofnunin stækkuð og eflað á árunum 2009-2011.

Meginþungi úrvinnslu verkefna sem tengdust hruninu tók fjögur til fimm ár en síðasta áratuginn hefur starfsemin jafnframt einkennst af því að byggja upp innviði fyrir áhættumiðað eftirlit, skapa festu í störfum með skráningu verkferla, áherslu á þekkingaröflun sérfræðinga og stöðugleika í starfseminni. Á þessu tímabili hafa stofnuninni jafnt og þétt verið falin margvísleg ný verkefni með lögum og hefur það kallað á öra þróun starfseminnar. Má þar sem dæmi nefna greiningar og ákvarðanatöku vegna beitingar þjóðhagsvarúðartækja, mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila, mat á áhættu í rekstri þeirra og á stjórnarháttum. Nýlega var lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum gert að

gera endurbótaáætlanir um aðgerðir sem þau hyggjast grípa til komi upp rekstrarerfiðleikar sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu þeirra eða starfsemi og metur Fjármálaeftirlitið þær. Þá er ótalin vinna við samningu á lagafrumvörpum og reglum vegna þeirrar gífurlegu þróunar sem hefur orðið á regluverki fjármálamarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu. Við höfum þegar séð miklar breytingar á banka- og vátryggingalöggjöfinni og á næstu misserum munu einnig verða verulegar breytingar í starfsumhverfi sjóða- og verðbréfamarkaðar.

Þessum nýju eftirlitsverkefnum hafa í mörgum tilvikum fylgt nýjar valdheimildir. Miklum völdum fylgir mikil ábyrgð og Fjármálaeftirlitið leggur ríka áherslu á vönduð vinnubrögð við töku stjórnvaldsákvæðna.

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru að lögum bundnir þagnarskyldu um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Þó hefur frá 2009 verið ákvæði í lögum sem veitir stofnuninni heimild til að birta opinberlega niðurstöður athugana sinna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Slíkar formlegar fréttatilkynningar um niðurstöður athugana hafa frá upphafi verið nefndar gagnsæistilkynningar og verið nokkuð umdeildar. Reynslan af birtingu þeirra hefur hins vegar almennt verið góð. Þessi lagaheimild og framkvæmd er í ágætu samræmi við það sem tíðkast á Norðurlöndum en segja má að hún hafi verið nokkuð á undan sinni samtíð þegar litið er til Evrópu í heild. Evrópulöggjöfin á fjármálamarkaði hefur á síðustu misserum þróast þannig að nú er almennt mælt fyrir um skyldu eftirlitsstjórnvalds til að birta niðurstöður um beitingu viðurlaga og eftir atvikum annarra úrræða vegna brota á lögum.

Það er grundvallaratriði í heilbrigðri fjármálaþjónustu að fyrirtæki sem veita þjónustu láti ekki misnota sig til að geyma, umbreyta eða með öðrum hætti þvætta ágóða af refsiverðu broti. Að undanfögnu höfum við orðið vitni að því að stórir og virtir bankar í Danmörku og Svíþjóð

hafa orðið uppvísir að því að aðstoða við peningabætti. Þetta hefur stórlega skaðað orðspor þeirra og að vissu leyti einnig stjórnvalda í ríkjunum. Ísland tekur þátt í alþjóðlegum samtökum sem hafa að markmiði að sporna við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Á árinu 2018 gerðu þessi samtök (FATF) úttekt á frammistöðu Íslands í þeim efnum. Skemmst er frá því að segja að niðurstaðan var áfelligdómur um bæði löggjöf og framkvæmd hér á landi. Fjölmargar úrbótakröfur voru gerðar og hafa stjórnvöld tekið höndum saman og unnið markvisst að því að styrkja þetta starf. Sett hefur verið ný heildarlöggjöf, Ríkislögreglustjóri hefur gefið út heildaráhættumat, Ríkisskattstjóra hefur verið falið að hafa eftirlit með aðgerðum aðila sem ekki eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og unnið hefur verið fræðsluefni um grunsamleg viðskipti sem tilkynna þarf til lögreglu og fleira því tengt.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki látið sitt eftir liggja og styrkt að mun eftirlit og fræðslu og tekið virkan þátt í annarri vinnu stjórnvalda. FATF fylgir úrbótakröfum sínum fast eftir og fyrir lok ársins má eiga von á niðurstöðu um að hve miklu leyti úrbæturnar sem ráðist hefur verið í fullnægja kröfum FATF og bæta heildarmat samtakanna á frammistöðu landsins. Brýnt er að þessi málaflökkur verði áfram í forgangi hjá stjórnvöldum.

Nú á tuttugasta og fyrsta starfsárinu má með sanni segja að Fjármálaeftirlitið hafi slitið barnsskónum og sé komið í fullorðinna manna tölu. Á undanförunum árum hafa komið fram tillögur, einkum frá erlendum ráðgjöfum, um að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands. Rökin hafa ekki síst verið þau að með því væri styrkari

stöðum rennt undir greiningarvinnu og ákvarðanatöku á sviði fjármálastöðugleika. Ráðherranefnd um efnahagsmál tók í október 2018 stefnumarkandi ákvörðun í þessa veru og fól verkefnisstjórn að undirbúa nauðsynlega stefnumörkun og lagafrumvörp sem leggja skyldi fyrir Alþingi á vorþingi 2019. Þetta gekk eftir og þegar þessar línur eru skrifaðar er frumvarp til nýrra heildarlaga um Seðlabanka Íslands og frumvarp til breytinga á fjölmörgum öðrum lögum af þessu tilefni til meðferðar á Alþingi. Verði frumvörpin að lögum á vorþingi er stefnt að því að sameining komi til framkvæmda 1. janúar 2020. Seðlabankinn verður þá mjög stór stofnun sem treyst verður fyrir miklu valdi. Það dregur ekki úr mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði hennar. Því er í frumvarpi til Seðlabankalaga gert ráð fyrir að meginstöðir stofnunarinnar verði þrjár, peningastefna, fjármálastöðugleiki og fjármálaeftirlit og að þrjár fjölskipaðar nefndir taki meiri háttar ákvarðanir. Að hluta til munu sömu embættismenn sitja í öllum nefndunum og bera ábyrgð á samþættingu markmiða stofnunarinnar.

Til að standa vörð um þann árangur og þá yfirsýn sem náðst hefur á undanförunum árum hefur Fjármálaeftirlitið lagt megináherslu á að áfram verði starfrækt alhliða eftirlit, enda teljum við það lykilatriði við greiningu kerfisáhættu á fjármálamarkaði til framtíðar. Síðasta áfall varð vegna falls bankanna. En áföll geta orðið af öðrum toga, jafnvel vegna veikleika í rekstri og fjárfestingum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða. Yfir þessu mun sameinuð stofnun vaka og gæta þess að nýta sameiginlega styrkleika þar sem þeir eru mestir og stuðla að hagkvæmni, betri yfirsýn og samlegð.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins


Fjármálaeftirlitið er sjálfstætt stjórnvald sem starfar í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stofnunin er fjármögnuð af eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að fylgjast með og fylgja eftir að eftirlitsskyldir aðilar starfi samkvæmt lögum og reglum og að starfsemi þeirra sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Jafnframt er það hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með og fylgja eftir

að viðskipti fyrirtækja og einstaklinga á markaði séu í samræmi við lög og reglur. Ennfremur er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að stuðla að fjármálastöðugleika og sporna við kerfisáhættu í fjármálakerfinu.

Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila og viðskipti á markaði leiði til tjóns fyrir almenning. Heilbrigður og traustur rekstur fyrirtækja á fjármálamarkaði er þó ávallt á ábyrgð stjórnenda hlutaðeigandi fyrirtækis.

Skipurit Fjármálaeftirlitsins





Stjórn Fjármálaeftirlitsins

Á myndinni má sjá sitjandi frá vinstri: Guðrúnu Þorleifsdóttur varaformann, Ástu Þórarinsdóttur formann og Arnór Sighvatsson stjórnarmann. Standandi frá vinstri eru varamenn í stjórn þau: Friðrik Ársælsson, Andri Fannar Bergþórsson og Guðrún Ögmundsdóttir.

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn, sem er óbreytt frá síðasta ári, sitja eftirfarandi í maí 2019: Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, sem er formaður, Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri, sem er varaformaður og Arnór Sighvatsson, fyrrverandi

aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Friðrik Ársælsson lögmaður, Guðrún Ögmundsdóttir, forstöðumaður í Seðlabanka Íslands, tilnefnd af Seðlabanka Íslands og Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins fundaði ellefu sinnum á árinu 2018.

I. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1 Eftirlitsstarfsemi

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið beitir áhættumiðaðri aðferðafræði við eftirlit. Það þýðir að eftirlitsskyldum aðilum er skipt í fjóra áhrifavægisflokka. Flokkunin ræðst af mati á afleiðingum rekstrarstöðvunar hvers og eins þeirra á fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina. Umfang eftirlits með viðkomandi aðila eykst eftir því sem áhrifavægið er meira. Engar breytingar hafa orðið á áhrifavægisflokkun fjármálafyrirtækja síðustu misseri að undanskildum Íbúðalánasjóði, en fjármálastöðugleikaráð samþykkti í júní 2018 að sjóðurinn yrði ekki lengur skilgreindur sem kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili. Þar með lækkaði áhrifavægisflokkun sjóðsins hjá Fjármálaeftirlitinu sem aftur hefur áhrif á umfang eftirlits með honum.

Reglubundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum á starfsárinu var með svipuðu sniði og síðustu misseri og fólst m.a. í yfirferð yfir regluleg gagnaskil og samskipti í framhaldi af því, ýmist árleg, hálfársleg eða ársfjórðungsleg. Markvisst er unnið að því að auka skilvirkni í þessum hluta eftirlitsins, einkum með rafrænum gagnaskilum, sjálfvirkum útreikningum á fjárhagslegum lykilmælikvörðum og áhættuvísunum með fyrirfram skilgreindum viðvörunarvirkmörkum.

Fundað er reglulega með einstaklingum í stjórnnum, forstjóra, framkvæmdastjóra og forsvarsmönnum innri eftirlitseininga, áhættustjóra, innri endurskoðanda og regluverði fjármálafyrirtækja. Þá er fundað tvisvar á ári með ytri endurskoðendum stærri fjármálafyrirtækja. Loks er fundað reglulega með fulltrúum stærri fjármálafyrirtækja þegar árs- og árshlutauppgjör þeirra liggja fyrir.

Könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP) fer fram árlega í tilvikum kerfislega mikilvægra banka en sjaldnar í tilvikum smærri fjármálafyrirtækja. Í ferlinu felst m.a. yfirferð á eigin mati fjármálafyrirtækis á eignfjárbörf vegna áhættuþátta í starfsemi. Tilgangur þessa eigin mats er að tryggja að viðkomandi fjármálafyrirtæki greini, leggi mat á og fylgist sjálf með áhættuþáttum í starfsemi sinni, að það sé með nægilegt eigið fé til að mæta áhættunni og beiti traustri áhættustýringu. Mat á áhættu tengdri viðskiptaháttum og fylgni við reglur (e. conduct risk) er samofið ferlinu. Lagt er mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Í könnunar- og matsferlinu er m.a. lagt mat á hversu áreiðanleg aðferðafræði og niðurstaða fjármálafyrirtækjanna þykir. Ferlinu lýkur með því að Fjármálaeftirlitið ákveður viðbótarkröfu um eigið fé

umfram hina lögbundnu sem er 8%. Einnig er unnt að krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi til ýmiss konar aðgerða í því skyni að draga úr áhættu eða bæta úr veikleikum í starfsemi. Þessu til viðbótar fóru fram vettvangsathuganir (sjá umfjöllun á bls. 20) og ýmsar sértækar athuganir vegna fjármálafyrirtækja.

Á starfsárinu voru gerðar nokkrar veigamiklar breytingar á framkvæmd könnunar- og matsferilsins sem miðuðu að því að auka skilvirkni og gagnsæi. Þáttur í þeim breytingum var uppfærð útgáfa á Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum í febrúar 2019. Tilgangur þessara viðmiða er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlisins. Aðferðafræðin er í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) frá 2016. Einnig var gerð sú breyting á könnunar- og matsferlinu að hætt var að taka saman yfirgripsmikla skýrslu í lok ferlisins eins og áður hafði verið. Þess í stað er viðkomandi fjármálafyrirtæki sent styttra ákvörðunarbréf eftir að veittur hefur verið tilskilinn andmælaréttur. Í bréfinu er gerð formlega grein fyrir þeim athugasemdum sem Fjármálaeftirlitið vill koma á framfæri við stjórn fjármálafyrirtækisins ásamt sundurliðaðri lágmarkskröfu og heildarkröfu um eiginfjárgrunn. Í framhaldi af því birtir Fjármálaeftirlitið opinberlega gagnsæistilkynningu þar sem fram koma helstu niðurstöður á samandregnu formi, þ.m.t. lágmarkskröfu og heildarkröfu um eiginfjárgrunn.

Svokölluð BRRD tilskipun um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja tók gildi innan Evrópusambandsins 1. janúar 2015. Hún var innleidd að hluta hér á landi um mitt ár 2018 með lögum nr. 54/2018 um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki (endurbótaáætlun, tímanleg inngrip, eftirlit á samstæðugrunni, eftirlitsheimildir o.fl.). Tilskipunin fjallar í meginráttum um áætlun um endurbætur (e. recovery) sem lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki þurfa að hafa til staðar og virkja ef álag skapast í starfsemi þeirra, tímanleg inngrip (e. early intervention) eftirlitsstofnana í starfsemi fyrirtækjanna og skilameðferð (e. resolution) ef nauðsynlegt er talið að eftirlitsstofnanir taki yfir eða grípi inn í starfsemi þeirra. Í framhaldi af gildistöku lagabreytinganna var kerfislega mikilvægum bönkum (Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.) gert að skila sinni fyrstu endurbótaáætlun til Fjármálaeftirlitsins 1. desember 2018. Yfirferð Fjármálaeftirlitsins yfir endurbótaáætlanirnar lauk í mars 2019 og var ábendingum komið til bankanna um það sem betur mætti fara við gerð næstu endurbótaáætlunar.

Á árinu voru afgreiddar nokkrar umsóknir kerfislega mikilvægu bankanna þriggja um aukningu á heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa líkt og síðustu ár.

Frá fjórða ársfjórðungi 2017 hefur Fjármálaeftirlitið sent gögn frá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur til EBA. Gögnin fylgja samræmdu gagnaskilaformi EBA. Íslensku bankarnir voru svo í fyrsta sinn með í yfirliti EBA um áhættuvísu í starfsemi evrópskra banka sem birt var um mitt ár 2018 (EBA Risk Dashboard). Í yfirlitinu eru ekki birtar upplýsingar um einstaka banka heldur er birt vegið meðaltal af tölum frá bönkum í viðkomandi landi byggt á stærð bankanna. Minnst þrjá banka þarf til að tölur séu birtar fyrir viðkomandi land. Í desember 2018 birti EBA svo í fimmta sinn upplýsingar um rekstur og efnahag 130 banka á Evrópska efnahagsvæðinu í gagnsæistilkynningu stofnunarinnar (EBA transparency exercise). Birtar eru upplýsingar um hvern og einn banka og voru íslensku bankarnir með í þessum samanburði í fyrsta sinn. Þátttaka í þessum gagnaverkefnum þýðir að auðveldara er að bera saman ýmsar kennitölur úr rekstri og efnahag bankanna þriggja og íslenska bankakerfisins í heild við evrópska banka.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Við eftirlit með váttryggingafélögum á starfsárinu var lögð áhersla á mótaðilaáhættu, rekstraráhættu, váttryggingaáhættu, viðskiptalíkan, stjórnarhætti, lausafjáráhættu og markaðsáhættu. Farið var yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) váttryggingafélaganna auk þess sem tekin voru viðtöl við lykilstarfsmenn félaganna. Að þessu sinni var m.a. rætt við áhættustjóra, tryggingastærðfræðing, innri og ytri endurskoðanda og regluvörð.

Váttryggingafélög skulu tilkynna allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár til Fjármálaeftirlitsins og skal Fjármálaeftirlitið samþykkja fyrirfram ákvarðanir sem hafa í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum váttryggingafélags, þ.m.t. endurkaupaáætlanir á eigin hlutabréfum. Á liðnu ári fór Fjármálaeftirlitið yfir endurkaupaáætlanir á eigin hlutabréfum þeirra váttryggingafélaga sem skráð eru á markað í Kauphöll Íslands.

Að gefnu tilefni birti Fjármálaeftirlitið tilkynningar á vefsíðu sinni um mikilvægi þess að neytendur hugi vel að réttarstöðu sinni við kaup á persónutryggingum og ef þeir hyggjast færa persónutryggingar sínar (söfnunarlíftryggingar og/eða sjúkdómatryggingar) til annars váttryggjanda er mikilvægt að þeir taki upplýsta ákvörðun í hverju tilviki.

Um mitt ár 2018 var lokið við athugun á viðskiptaháttum Trygginga og ráðgjafar ehf. í tengslum við sölu á váttryggingarafurðum slóvakíska váttryggingafélagsins Novis Insurance Company Inc.

Að athuginni lokinni gerði Fjármálaeftirlitið m.a. athugasemdir við markaðssetningu á sjúkdómatryggingu Novis þar sem væntanlegum viðskiptavinum voru veittar rangar og misvísandi upplýsingar með tilliti til samanburðar við innlendar afurðir. Einnig var gerð athugasemd við að upplýsingar um kostnað og þóknarir vegna fjárfestingatengdra váttryggingaafurða hefðu ekki verið kynntar með fullnægjandi hætti fyrir væntanlegum váttryggingartökum. Fjármálaeftirlitið leggur áfram mikla áherslu á að tryggja að viðskiptavinum váttryggingafélaga séu veittar réttar og fullnægjandi upplýsingar og vinnur náið með evrópskum systurstofnunum og Evrópsku váttrygginga- og lífeyris-sjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) að viðbrögðum og aðgerðum þegar tilefni þykir til.

Váttryggingafélögum er heimilt að nota áhrif frestaðra skatta til að lækka gjaldþolskröfu, séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útreikningi váttryggingafélaga á þessum áhrifum og setti fram ábendingar um það sem betur mætti fara.

Á starfsárinu kortlagði Fjármálaeftirlitið hvernig þær kröfur sem gerðar eru til íslenska váttrygginga-markaðarins og eftirlit með honum stendur gagnvart meginreglum (Insurance Core Principles) Alþjóðasamtaka váttryggingaeftirlita (IAIS). Niðurstaðan var sú að í langflestum tilfellum standast kröfur og eftirlit með íslenska váttryggingamarkaðnum vel gagnvart meginreglunum. Í þeim tilvikum þar sem hægt er að gera betur, hefur Fjármálaeftirlitið útbúið yfirlit yfir þau verkefni sem þarf að vinna auk áætlunar um til hvaða aðgerða þarf að grípa til að uppfylla allar meginreglur IAIS.

Markvisst hefur verið unnið að aukinni greiningu á þeim gögnum sem váttryggingafélög skila til Fjármálaeftirlitsins ásamt því að efla upplýsingagjöf út á við. Í desember 2018 hófst ársfjórðungsleg birting gagnataflna íslenskra váttryggingafélaga á samandregnu formi á vef Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Við eftirlit með lífeyrissjóðum á starfsárinu komu sérstaklega til athugunar lífeyrstryggingaráhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta, útlána- og samþjöppunaráhætta og stjórnarhættir sjóðanna. Við mat á áhættuþáttum er fundað með lykilstarfsfólki lífeyrissjóðanna á borð við tryggingafræðing, innri endurskoðanda, ytri endurskoðanda, áhættustjóra, framkvæmdastjóra og stjórnnum sjóðanna. Einnig var farið yfir eigið áhættumat lífeyrissjóðanna en þeir skiluðu slíku mati í fyrsta sinn í lok júní 2018.

Ráðist var í nokkurn fjölda sértækra verkefna á árinu sem fólust í því að tiltekin atriði voru skoðuð í rekstri lífeyrissjóðanna. Eignastýring og rekstrarsamfella tiltekinna lífeyrissjóða voru skoðaðar,

en einnig var kannað hvernig staðið var að veitingu fasteignaveðtryggðra lána til sjóðfélaga annars vegar og til lögaðila hins vegar. Þá var kannað hvernig tiltekinn lífeyrissjóður fjárfestir í fyrirtækjaskuldabréfum.

Nokkur umræða var á árinu um að lífeyrissjóðirnir flokkuðu skuldabréf með ólíkum hætti, annars vegar á gangvirði og hins vegar á bókfærðu virði, en þessi mismunur í flokkun getur haft áhrif á ávöxtun sjóðanna. Fjármálaeftirlitið hóf athugun á því hvernig lífeyrissjóðirnir flokka skuldabréf í eignasöfnum sínum, en þegar niðurstaða athugunarinnar liggur fyrir verður tekin ákvörðun um hvort ástæða sé til að breyta reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, þannig að samræming sé tryggð.

Nokkur innri verkefni voru unnin innan Fjármálaeftirlitsins, á borð við mótun eftirlits með áhættustýringu og yfirferð á eigin áhættumati lífeyrissjóða. Einnig var unnið að frekari þróun eftirlits með störfum tryggingafræðinga og þess hvaða kröfur eru gerðar til þeirra aðila sem sækjast eftir viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til starfans.

Þá hefur verið unnið að því að greina hvar íslenski lífeyrismarkaðurinn og eftirlit með honum stendur gagnvart OECD Core Principles of Private Regulations. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2019.

Markvisst hefur verið unnið að aukinni greiningu á þeim gögnum sem lífeyrissjóðir skila til Fjármálaeftirlitsins ásamt því að efla upplýsingagjöf út á við. Í febrúar 2019 hófst ársfjórðungsleg birting upplýsinga um fjárfestingar samtryggingar- og séreignardeilda lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila á vef Fjármálaeftirlitins.

Lífeyrissjóðir og ábyrgar fjárfestingar

Vaxandi áhugi er á ábyrgum fjárfestingum. Í alþjóðlegri umræðu um slíkar fjárfestingar er ekki aðeins fjallað um ábyrgð hvað varðar umhverfisþætti heldur einnig hvað varðar samfélagslega þætti auk góðra stjórnarháttanna. Skammstöfunin UFS sem stendur fyrir umhverfisvernd, félagslega þætti og stjórnarhætti er oft notuð í þessu sambandi. (e. environmental, social and governance, ESG). Helsti ávinningur við innleiðingu þessara þátta við fjárfestingaákvæðanir er talinn vera bætt áhættustýring, að fjárfestingar verði í auknum mæli sjálfbærar og að langtíma ávöxtun muni þar með aukast. Séu þessir þættir hafðir til hliðsjónar við ákvarðanatöku krefst það víðtækrar gagnaöflunar og mótunar mælikvarða, sem eru ný viðfangsefni og áskorun fyrir marga stofnanafjárfesta, þar með talið lífeyrissjóði.

Fjöldmörg ríki heims hafa skuldbundið sig til róttækra aðgerða í loftslagsmálum. Framundan

eru breytingar á regluverki sem munu hafa áhrif á neytendur, fjárfesta, stofnanafjárfesta og lífeyrissjóði. Alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Alþjóðabankinn hafa sent frá sér skýrslur og tilmæli um nauðsyn viðbragða í umhverfismálum og mikilvægi ábyrga fjárfestinga. Þeir miklu fjármunir sem eru í vörslu lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta eru taldir vera mikilvægt hreyfiafl til jákvæðra breytinga í umhverfismálum og hvað varðar aukna samfélagslega ábyrgð.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur að undanfögnu verið lögð vaxandi áhersla á UFS þætti meðal fyrirtækja og fjárfesta. Svo dæmi séu tekin leggur tilskipun (ESB) 2016/2341 um starfstengda eftirlaunasjóði, sem tekið hefur gildi innan Evrópusambandsins en ekki enn verið tekin upp í EES samninginn, ríka áhersla á innleiðingu UFS þátta við fjárfestingaákvæðanir sjóðanna og er þar stuðst við tilmæli og skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði og fleiri vinna nú að því að móta verklag um hvernig eftirliti verður háttað með vaxandi kröfum um umhverfis- og samfélagslega þætti, bættá stjórnarhætti við fjárfestingaákvæðanir og áhættumat lífeyrissjóða. Áhersla verður lögð á að UFS þættir verði samtvinnaðir stjórnarháttum lífeyrissjóðanna, fjárfestingastefnu, áhættustýringu og upplýsingagjöf. Áhættustýring þarf að geta mælt, vakt og stýrt þessum áhættuþáttum eins og öðrum sem fylgja ákvarðanatöku um fjárfestingar. Einnig verður áhersla lögð á sérstaka upplýsingagjöf til sjóðfélaga og annarra haghafa um áhættur tengdar umhverfis- og samfélagslegum þáttum.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Fjöldi og eðli mála sem tekin voru til skoðunar á starfsárinu

Á tímabilinu 1. maí 2018 til 30. apríl 2019 bárust Fjármálaeftirlitinu alls 22 ábendingar um möguleg brot á lögum um verðbréfavíðskipti frá Kauphöll Íslands (Kauphöllinni). Í þremur tilfellum hafði Fjármálaeftirlitið þegar hafið athugun á umræddum málsatvikum að eigin frumkvæði. Í sex tilfellum þótti ekki ástæða til að hefja formlega rannsókn að lokinni frumskoðun og hófst því rannsókn í 13 tilvikum vegna ábendinga frá Kauphöllinni. Af þeim 13 málum hefur rannsókn lokið í fimm málum, í öllum tilvikum án frekari aðgerða.

Á framangreindu tímabili hóf Fjármálaeftirlitið rannsókn á 28 málum að eigin frumkvæði og er

rannsókn á níu þeirra lokið, fimm án frekari aðgerða, einu með samkomulagi um sátt við málsaðila, tveimur með athugasemd og einu með kærnu til embættis héraðssaksóknara.

Fjöldi mála sem Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar vegna meintra brota á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og annarri löggjöf sem verðbréfamarkaðseftirlit tekur til voru því samtals 50 talsins en þau skiptast niður í eftirfarandi málaflokka:

- 21 mál varðaði upplýsingagjöf en þar undir fellur birting innherjaupplýsinga (122. gr. vvl.), flöggunartilkynningar (IX. kafli vvl.) og birting ársreikninga (57. gr. vvl.)
- 16 mál vörðuðu markaðssvik (117. og 123. gr. vvl.)
- 6 mál vörðuðu tilkynningarskyldu innherja (125. – 127. gr. vvl.)
- 3 mál vörðuðu fjárfestavernd (II. kafli vvl.)
- 2 mál vörðuðu efni lýsinga (45. gr. vvl.)
- 2 mál vörðuðu skortstöðutilkynningar (II. kafli reglugerðar 236/2012/ESB)

Hinn 26. nóvember 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að stöðva tímabundið viðskipti með hlutabréf útgefin af Icelandair Group hf. til að tryggja jafnræði fjárfesta þar sem tilteknar upplýsingar um stöðu viðræðna um kaup félagsins á öllu hlutafé Wow air hf. höfðu ekki verið birtar opinberlega.

Þau tímamót urðu á starfsárinu að hlutabréf Arion banka hf. voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Samhliða því voru heimildarskrirteini tengd hlutabréfunum tekin til viðskipta í Nasdaq Stockholm kauphöllinni í Svíþjóð. Arion banki hf. er fyrsti íslenski bankinn til að skrá hlutabréf sín á skipulegan verðbréfamarkað frá fjármálaáfallinu 2008. Hlutabréf í Kviku banka voru svo tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar í mars 2019.

Samkvæmt lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldtryggingar ber aðilum að senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningar um skortstöðu ef umfang slíkrar stöðu fer yfir 0,2% af útgæfnum hlutafé hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi og fyrir hvert 0,1% umfram það. Árið 2017 bárust 23 tilkynningar, 2018 bárust 63 tilkynningar og á fyrstu fjóru mánuðum 2019 bárust 42 tilkynningar (fyrstu fjóra mánuði 2018 nam fjöldi tilkynninga 15).


Yfirtökutilboð í hlutabréf sem eru í viðskiptum á íslenskum hlutabréfamarkaði hafa verið fátíð síðustu ár en hinn 1. júní 2018 gerði Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. (þá Brim hf.) yfirtökutilboð í allt hlutafé HB Granda hf. og var þetta fyrsta yfirtökutilboð á íslenska markaðnum frá því í mars 2014. Yfirtökuskylda hafði þá myndast vegna eignarhalds Brim hf. á meira en 30% af hlutafé HB Granda.

Fjármálaeftirlitið fer með almennt eftirlit með


Tafla 1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem Fjármálaeftirlitið samþykkti starfsárinu

	2016	2017	2018
Lýsingar	24	19	27
Grunnlýsingar	9	9	8
Viðaukar	11	14	11


Mynd 1 Heildarútgáfa á verðbréfum



Mynd 2 Verðbréfaútgáfa bankanna fjögurra



Mynd 3 Verðbréfaútgáfa bankanna fjögurra



yfirtökum og staðfestingu á tilboðsyfirlitum.

Til viðbótar tilkynntu Heimavellir hf. hinn 1. febrúar 2019 að von væri á valfrjálsu tilboði í hlutabréf félagsins. Opinbert tilboðsyfirlit var birt hinn 11. mars 2019 eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gildi tilboðið til 6. maí 2019. Hinn 2. maí 2019 var, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, birtur viðauki við opinbera tilboðsyfirlitið þar sem tilboðstími tilboðsins var framlengdur til 24. maí 2019.

Fjármálaeftirlitið hóf útboðsferli vegna verðbréfaeftirlitskerfis í apríl 2018. Markmiðið með útboðinu var að kaupa hugbúnað sem merkir á sjálfvirkan hátt grunsamleg viðskipti á markaði, aðstoðar við greiningu á viðskiptagögnum og getur haldið utan um mál í rannsókn. Að loknu útboði var gengið frá samningum við sænska fyrirtækið Scila AB og er gert ráð fyrir því að kerfið verði tekið í notkun á öðrum ársfjórðungi 2019. Kerfið mun auðvelda Fjármálaeftirlitinu að greina hvers kyns markaðsmisnotkun og innherjasvik á íslenska verðbréfamarkaðnum.

Í febrúar 2019 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þrír menn voru sakfelldir vegna brota á innherjasvikaákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, en stjórn Fjármálaeftirlitsins kærði mennina til héraðssaksóknara árið 2017. Allir mennirnir hafa áfrýjað dómnum til Landsréttar.

Lýsingar

Alls voru 27 lýsingar staðfestar á starfsárinu, þar af fimm vegna útgáfu hlutabréfa. Staðfestir viðaukar voru 11. Staðfestar grunnlýsingar ársins voru 8 talsins og 161 endanlegir skilmálar voru birtir á vef Fjármálaeftirlitsins. Örlítið dró úr fjölda endanlegra skilmála annað árið í röð. Eftir umtalsverða aukningu bankanna á verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands á undanförunum árum, hefur útgáfa banka á víxlum og sértryggðum skuldabréfum dregist saman á meðan útgáfa annarra aðila hefur aukist. Er þar um að ræða fasteignafélögin Eik, Reiti og Reginn, Almenna leigufélagið, Félagsbústaði, Lánasjóð sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Lykil fjármögnun og Landsbréf – BÚS I.

Útgáfa banka fór úr 167 í 157 milljarða kr. að nafnvirði og var hlutfall sértryggðra skuldabréfa 66% en víxla 34%. Árið 2017 voru þessi hlutföll 66% og 34%.

Mynd 3 sýnir hvernig verðbréfaútgáfa einstakra banka var á árinu. Arion banki var með 38% af heildarfjárhæð bankanna, Landsbankinn 32%, Íslandsbanki tæp 25% og Kvika banki 5%.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags rekstrarfélaga þeirra, starfsemi og stjórnunar. Rekstrarfélög verðbréfasjóða reka einnig meirihluta tilkynnta fagfjárfestasjóða, en öðrum er einnig heimilt að reka þá. Fagfjárfestasjóðir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og eru samkvæmt gildandi löggjöf eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem snýr einkum að upplýsingagjöf. Þá eru engar hömlur settar á fjárfestingar þeirra, ólíkt verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Eftirlit með rekstraraðilum fagfjárfestasjóða mun þó aukast í kjölfar innleiðingar AIFMD tilskipunarinnar sem hefur verið í gildi í Evrópusambandinu síðan 2013, en hefur ekki enn verið innleidd hér á landi. Vonir standa til að hún verði innleidd á Íslandi á árinu 2019. Með tilkomu hennar munu rekstraraðilar fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða, þar sem heildareignir í stýringu eru yfir ákveðnum fjárhæðarmörkum, þurfa að sækja um starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Verði heildareignir í stýringu undir viðkomandi fjárhæðarmörkum verða þeir eingöngu skráningarskyldir.

Fjármálaeftirlitið óskaði á starfsárinu eftir upplýsingum um öll félög eða fagfjárfestasjóði sem eru í samningssambandi við viðkomandi rekstrarfélag, t.d. um rekstur eða stýringu félags og/eða fagfjárfestasjóðs og eðli þess samningssambands. Ef um var að ræða félag sem ekki hafði verið tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins sem fagfjárfestasjóður var óskað eftir fyrirbyggjandi samningum við viðkomandi aðila og upplýsingum um undir hvaða starfsheimildir félagið teldi samnings-sambandið falla.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 128/2011 ber rekstrarfélögum verðbréfasjóða að tilkynna það án tafar til Fjármálaeftirlitsins fari fjárfesting sjóðs fram úr leyfilegum mörkum skv. viðkomandi lögum. Tilkynnt brot sjóða á starfsárinu voru 17 talsins, hjá 14 verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum í rekstri sex rekstrarfélaga.

Eftirlit með viðskiptaháttum, fjárfestavernd og málefni neytenda

Eitt af lögbundnum hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að annast eftirlit með viðskiptaháttum gagnvart viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila. Til að sinna þessu eftirlitshlutverki er m.a. tekið við ábendingum

frá almenningi um starfshætti eftirlitsskyldra aðila og ráðist í frumkvæðisathuganir á þessu sviði. Þá sinnir Fjármálaeftirlitið upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga og geta viðskiptavinar eftirlitsskyldra aðila beint fyrirspurnum til stofnunarinnar og fengið leiðbeiningar gegnum síma. Á árinu 2018 bárust Fjármálaeftirlitinu 235 ábendingar og fyrirspurnir frá neytendum. Þá eru einnig framkvæmdar frumkvæðisathuganir vegna viðskiptahátta.

Frumkvæðisathuganir á starfsárinu vegna viðskiptahátta voru eftirfarandi:

- Athugun á túlkun skilmála og framkvæmd tjónauppgjörs vegna fjölskyldutrygginga hjá Sjóvá – Almennum tryggingum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.
- Athugun á meðhöndlun kvartana hjá vátryggingafélögum.
- Athugun á verklagi við uppgjör á bótum vegna ökutækjattjóna hjá Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði tryggingum hf. Sjá umfjöllun á bls. 21.
- Athugun á meðhöndlun kvartana hjá viðskiptabönkum og Sparisjóði Suður-Þingeyinga.
- Athugun á viðskiptaháttum Trygginga og ráðgjafar ehf. í tengslum við sölu á vátryggingaafurðum Novis Insurance Company Inc., sjá umfjöllun á bls. 13.
- Athugun á ferli við uppgreiðslu fasteignalána hjá nokkrum eftirlitsskyldum aðilum.


Meðal stefnumarkandi áherslna Fjármálaeftirlitsins er að auka upplýsingagjöf til neytenda. Í því skyni mun Fjármálaeftirlitið áfram vera virkur þátttakandi á Facebook. Það verkefni hefur sannað sig sem góð leið til að ná til fjölbreytts hóps neytenda með ýmiskonar fræðslu, ábendingar eða viðvaranir.

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í starfsemi neytendaverndarnefnda evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði. Meðal þeirra verkefna sem farið var í á grundvelli þess samstarfs á árinu var athugun á sölu ferðatrygginga til neytenda og mögulegum tvítryggingum ásamt því að umfangsmikil vinna var lögð í samhæfingu eftirlits í tengslum við samevrópskt regluverk.


Aukin áhersla á fjárfestavernd

Ráðist hefur verið í það verkefni að greina fjárfestavernd á Íslandi með það að leiðarljósi að koma auga á hugsanlegar hættur fyrir fjárfesta/neytendur og bera kennsl á fjárfestingaafurðir, markaði eða markaðsaðila sem greina þarf betur eða beita sér gagnvart. Eitt af fyrstu skrefunum sem tekin voru vegna þessa var að kalla eftir upplýsingum frá aðilum á íslenskum fjármálamarkaði um fjárfestingarkosti almennra fjárfesta. Óskað var eftir upplýsingum um hvaða fjárfestingarkostir standa


Mynd 4 Heildareign almennra fjárfesta í verðbréfasjóðum í lok árs 2017 og fjöldi almennra fjárfesta skipt eftir áhættuflokkum



Mynd 5 Heildareign almennra fjárfesta í fjárfestingarsjóðum í lok árs 2017 og fjöldi almennra fjárfesta skipt eftir áhættuflokkum



Mynd 6 Heildareign almennra fjárfesta í öðrum fjármálagerningum í lok árs 2017 og fjöldi almennra fjárfesta skipt eftir áhættuflokkum



Áhættuflokkun sjóðanna fer eftir svokölluðum áhættumælikvarða sem mælir áhættu vegna verðsveiflna. Mælingar byggja á sögulegum daglegum gögnum um verðsveiflur hvers sjóðs fyrir sig. Áhættuflokkur 1 fylgir minnst áhætta.

almennum fjárfestum til boða, sem og upplýsingum um heildareign þessara einstaklinga í hverjum fjárfestingarkosti fyrir sig. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum um hvernig þessi heildareign skiptist milli tiltekinna aldurshópa og einnig hversu margir aðilar í tilteknum aldurshópum ættu hlut í hverjum fjárfestingarkosti fyrir sig. Markmið verkefnisins var að fá betri heildarmynd af stöðu markaðarins en samskonar upplýsingaöflun hefur ekki farið fram áður af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður athugunarinnar voru m.a. að almennir fjárfestar á Íslandi eru í meðallagi áhættusæknir og sækjast flestir eftir því að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

Greining á kerfisáhættu og þjóðhagsvarúð

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að leggja mat á kerfisáhættu í fjármálakerfinu og sporna við henni. Þessu hlutverki sinnir Fjármálaeftirlitið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands.

Fjármálastöðugleikaráð er formlegur samstarfs- vettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Á árinu 2018 fundaði fjármálastöðugleikaráð fimm sinnum og hefur fundað einu sinni það sem af er árinu 2019. Sérfræðingar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands leggja mat á stöðu og þróun fjármálakerfisins vegna hugsanlegrar kerfisáhættu og eru niðurstöður þeirrar greiningarvinnu ræddar á vettvangi kerfisáhættunefndar, sem starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð. Kerfisáhættunefnd hélt fjóra fundi á árinu 2018 og hefur fundað einu sinni á árinu 2019.

Eiginfjáraukar

Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 um 3% kerfisáhættuauka fyrir kerfislega mikilvægar innlánsstofnanir var staðfest óbreytt 15. maí 2018. Talið var að óverulegar breytingar hefðu orðið á ósveiflutengdri kerfisáhættu undanfarin tvö ár og því viðeigandi að hafa kerfisáhættuaukann óbreyttan. Kerfisáhættuaukinn nær til innlendra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til móttöku innlána. Gildi aukans fyrir innlánsstofnanir, sem ekki teljast kerfislega mikilvægar, mun hækka úr 2% í 3% frá 1. janúar 2020. Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um kerfisáhættuaukann á grundvelli tilmæla fjármálastöðugleikaráðs sem ráðinu ber að senda stofnuninni annað hvert ár.

Eiginfjárauki vegna kerfislegs mikilvægis


Á fundi fjármálastöðugleikaráðs í mars 2018 var staðfest að Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn teljist kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar á Íslandi og þurfa þeir því að viðhalda áfram 2% eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis. Þessi eiginfjáruki tekur til allra

áhættuskuldbindinga þeirra og er endurskoðaður árlega, síðast í apríl 2019. Á fundi sínum í júní 2018 ákvað fjármálastöðugleikaráð að Íbúðalánasjóður teljist ekki lengur kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili.

Sveiflujöfnunarauki

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að minnka líkur á að fjármálafyrirtæki dragi um of úr lánveitingum á áfallatímum þar sem það getur ýkt niðursveifluna í hagkerfinu. Sveiflujöfnunaraukanum er þannig ætlað að milda áhrif fjármálasveiflna á raunhagkerfið. Þessu markmiði er náð með því að byggja hann upp í upptakti fjármálasveiflunnar og losa hann þegar kreppir að í fjármálakerfinu. Gildi aukans er ákveðið eitt ár fram í tímann. Þannig tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun 15. maí 2018 um 1,75% sveiflujöfnunarauka og tók sú hækkun gildi 15. maí 2019. Loks tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun 1. febrúar 2019 um að hækka sveiflujöfnunaraukann upp í 2,0% og tekur sú hækkun gildi 1. febrúar 2020. Áfram var upptaktur í fjármálasveiflunni og allir stærstu undirþættir hennar voru í uppsveiflu. Litið var svo á að áframhaldandi skuldavöxtur og eignaverðshækkningar sem og hagstæð skilyrði í hagkerfinu gæfu tilefni til að halda áfram uppbyggingu sveiflujöfnunaraukans. Sveiflujöfnunaraukinn gildir fyrir innlendar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Gagnvart erlendum áhættuskuldbindingum skal taka tillit til sveiflujöfnunarauka í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um gildi sveiflujöfnunaraukans á grundvelli tilmæla fjármálastöðugleikaráðs sem ráðinu ber að senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega.

Mynd 7 Eiginfjáraukar kerfislega mikilvægra banka



Á mynd 7 sést heildarþróun eiginfjáruka kerfislega mikilvægra banka frá því þeir voru fyrst lagðir á í upphafi ársins 2016. Kerfisáhættuauki og eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis hafa haldist óbreyttir og verndunaraukinn hefur haldist í 2,5% frá janúar 2017. Eftir áðurnefnda hækkun sveiflujöfnunaraukans munu samanlagðir eiginfjárukar nema 9,5% frá 1. febrúar 2020.

Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum

Fjármálaafyrirtækjum ber að taka mið af eiginfjárbörf á álagstímum við gerð eiginfjáráætlunar, við áhættustýringu og við gerð endurbótaáætlunar. Fjármálaeftirlitið leggur einnig mat á eiginfjárbörf fjármálaafyrirtækja með hliðsjón af hugsanlegum áföllum á álagstímum og byggir matið á niðurstöðum eigin álagsprófa. Einnig lítur Fjármálaeftirlitið til álagsprófa sem fjármálaafyrirtæki framkvæma sjálf. Fjármálaeftirlitið getur beint því til fjármálaafyrirtækis að halda til haga auknu eigin fé á álagstímum (stoð II-G) þegar niðurstöður álagsprófa gefa til kynna að almennt eigið fé þáttar 1 þess geti lækkað meira en sem nemur verndunarauka og í sérstökum tilfellum sveiflujöfnunarauka til viðbótar. Ef fjármálaafyrirtæki uppfyllir ekki mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum kann það að leiða til aukins eftirlits eða viðbótareiginfjárkröfu við sérstakar aðstæður (stoð II-R).

Ákvæði um stoð II-G eru nýtilkomin í viðmiðunarreglur Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli (SREP) og því er ekki komin mikil reynsla á beitingu þeirra hér á landi. Vinna stendur yfir við þróun eigin álagsprófa sem ætlunin er að beita í könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins á árinu 2019 og verða meðal annars skoðuð áhrif efnahagslegra sviðsmynda á gjaldþrotalíkur.

Kerfisáhætta á verðbréfamarkaði

Við gildistöku laga nr. 15/2018, sem innleiddi svokallaða EMIR reglugerð í íslensk lög, urðu öll afleiðuviðskipti tilkynningarskyld og íslenskir aðilar þurfa nú að tilkynna um gerð allra afleiðusamninga til sérstakra afleiðuviðskiptaskráa. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) safnar gögnum frá afleiðuviðskiptaskrá í sérstakan gagnagrunn sem kallast TRACE. Fjármálaeftirlitið hefur aðgang að þessum gagnagrunni og hafin er vinna við að nota þau í greiningar á kerfisáhættu hér á landi. Slíkar greiningar gætu reynst mjög mikilvægar, sér í lagi ef afleiðuviðskipti færast í aukana hér á landi. Gögnin innihalda meðal annars upplýsingar um verðlagningu, vaxtaforsendur og gengi í afleiðusamningum sem gætu gefið fyrirbyggjandi upplýsingar um þróun á væntingum markaðsaðila.

Kerfisáhætta á lífeyrismarkaði

Kerfisáhætta á lífeyrismarkaði kemur fram með öðrum hætti en í bankakerfinu, þar sem litlar líkur eru á að lífeyrissjóðir geti orðið gjaldþrota. Lífeyrissjóðir geta haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á stöðugleika í fjármálakerfinu með fjárfestingum sínum og er því mikilvægt fyrir eftirlitsaðila að þekkja vel samspil þeirra við aðra þætti fjármálakerfisins og greina stöðu þeirra með reglubundnum hætti.

Alþjóðleg þróun í eftirliti með kerfisáhættu váttryggingafélaga

Eftir fjármálaáfallið 2008 voru gerðar margvíslegar endurbætur á alþjóðlegri umgjörð í eftirliti með fjármálastarfsemi. Ein veigamikil breyting er aukin áhersla eftirlitsaðila á að hindra uppbyggingu kerfisáhættu og beiting þjóðhagsvarúðartækja. Má þar nefna stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) sem er ein af fjórum stoðum í eftirlitsumgjörð stofnana Evrópusambandsins (ásamt EBA, EIOPA og ESMA) og Basel III staðalinn fyrir bankastarfsemi. Fyrst um sinn sneru þessar breyttu áherslur einkum að bankastarfsemi en á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á að taka upp þjóðhagsvarúðareftirlit fyrir aðra tegund fjármálastarfsemi, svo sem váttryggingastarfsemi, enda getur kerfisáhætta stafað frá fleiri aðilum en bönkum.

Þann 29. mars síðastliðinn gaf Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) út umræðuskjalið „Discussion Paper on Systemic Risk and Macroprudential Policy in Insurance“ þar sem velt er upp ýmsum hugmyndum að aðferðum við að auka þjóðhagsvarúðareftirlit á váttryggingamarkaði. Má þar til dæmis nefna aukið eftirlit með lausafjárstöðu váttryggingafélaga, heimild fyrir fjármálaeftirlit til að leggja á sérstaka viðbótargjaldþolskröfu vegna kerfisáhættu, eftirlit með samþjöppun og möguleiki til að grípa inn í ef tiltekin tegund váttryggingarsamninga telst ógna fjármálastöðugleika. Einnig er lögð áhersla á að stærri félög geri viðbúnaðaráætlanir vegna kerfisáhættu og lausafjárahættu. Búast má við því að einhverjar þessara hugmynda verði hluti af endurskoðun Solvency II tilskipunarinnar sem fer á fram á árinu 2021.

Alþjóðasamtök váttryggingaeftirlita (IAIS) gefa út alþjóðlega staðla um váttryggingaeftirlit (Insurance Core Principles, ICP) sem öll aðildarríki skuldbinda sig til að fara eftir, þar á meðal Ísland. Undanfarin ár hefur farið fram mikil endurskoðun á þessum stöðlum

til að bæta við kröfum um þjóðhagsvarúðareftirlit þar sem við á. Staðallinn ICP 24 fjallar sérstaklega um þjóðhagsvarúðareftirlit og þar er meðal annars gerð krafa um að í eftirliti með váttryggingafélögum sé horft til áhrifa hagkerfisins á stöðu þeirra.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir eru ein þeirra aðferða sem Fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið með vettvangsathugun er að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættur í starfsemi eftirlitsskylds aðila, leggja mat á innra eftirlitskerfi, viðskiptalíkon eða stjórnarhætti. Á undanförunum árum hafa vettvangsathuganir einkum verið gerðar hjá lánastofnunum en þær dreifðust á fleiri tegundir eftirlitsskyldra aðila á síðasta starfsári. Tvær aðaláherslur við vettvangsathuganir á liðnu starfsári voru áhættustýring eftirlitsskyldra aðila annars vegar og upplýsingatækni hins vegar. Í töflu 2 má sjá tegundir athugana eftir málaflokkum.

Tafla 2 Vettvangsathuganir eftir málaflokkum

Aðgerðir gegn peningaþvætti	3
Rekstraráhætta	10
Áhættustýring	7
Markaðsáhætta	3
Neytendamál	4
Útlánaáhætta	1

Umgjörð áhættustýringar hjá Birtu lífeyrissjóði, Gildi lífeyrissjóði, Frjálsa lífeyrissjóðnum, Íslenska lífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði verzlunarmanna var skoðuð með það að markmiði að athuga hvort hún væri í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur kveða á um. Sérstaklega var farið yfir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðanna og hvernig þær samræmdust kröfum laga og reglna. Auk þess var farið yfir skráða verkferla og verklagsreglur sem hver sjóður styðst við vegna þessara þátta.

Hjá rekstrarfélaginu Stefni hf. beindist vettvangsathugun að tilgreindum þáttum áhættustýringar þar sem markmiðið var að fá yfirsýn yfir verklag félagsins og ferla varðandi ákvarðanatöku við fjárfestingar og leggja mat á fyrirkomulag og virkni innra eftirlits og áhættustýringar.

Tvær athuganir voru framkvæmdar hjá Íbúðalánasjóði. Sú fyrri laut að því að skoða hvort áhættustýring hjá sjóðnum væri í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lögum og reglum. Einnig var tekið til skoðunar hvort svið áhættustýringar væri nægilega sjálfstætt og öflugt til að sinna þeim verkefnum sem til er ætlast. Auk

þess var lögð áhersla á að skoða sérstaklega hvernig upplýsingagjöf sviðsins til stjórnar sjóðsins væri háttáð og hvort bæta þyrfti slíka upplýsingagjöf. Síðari athuginin hjá Íbúðalánasjóði laut að útlánum til lögaðila. Verklag, utanumhald og eftirlit sjóðsins var skoðað með því að fara yfir ferlið við veitingu útlána til þessara aðila allt frá lánsúmsókn til útgreiðslu lánsins.

Upplýsingatækni vegur sífellt þyngra í rekstri eftirlitsskyldra aðila og voru framkvæmdar athuganir til að kanna rekstur upplýsingakerfa sem og gæði gagna. Athuganir fóru fram hjá Borgun hf. og Valitor hf. á tilgreindum þáttum varðandi rekstur upplýsingakerfa og notkun upplýsingatækni. Fjármálaeftirlitið lagði mat á viðbragðsáætlun félaganna og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun yrði á starfsemi þeirra. Einnig var kannað hvort viðkomandi félag starfaði í samræmi við leiðbeinandi tilmæli um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

Kannað var hjá einum lífeyrissjóði hvernig rekstur upplýsingakerfa væri háttáð með tilliti til leiðbeinandi tilmæla um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Meðal annars var farið yfir áhættumat, aðgengi að gagnagrunnum, breytingastjórnun og fleira.


Athugun á gæðum gagna sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins var framkvæmd hjá váttryggingafélögum. Skoðað var utanumhald og ferlar sem miða að því að uppfylla lögbundna skyldu um sendingu gagna og upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins en váttryggingafélögum ber skylda að senda til eftirlitsins gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta stjórnkerfi váttryggingafélags, starfsemi, matsreglur vegna gjaldþols, áhættu félagsins, áhættustýringu, uppbyggingu eigin fjár, eiginfjárþörf og eiginfjárstýringu.

Þrjár þemaathuganir voru framkvæmdar hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur. Í fyrsta lagi stóð Fjármálaeftirlitið fyrir skrifborðsæfingu til að kanna viðbrögð bankanna við netárásam og skoða hversu vel starfsmenn, sem sátu fyrir svörum, þekktu viðbúnaðarumgjörð síns banka varðandi mögulega netárás. Um var að ræða fyrirvararlausa vettvangsathugun sem stóð yfir í einn dag. Í öðru lagi voru gerðar athuganir þar sem markmiðið var að skoða flokkun hlutabréfa og skuldabréfa í veltubók og fjárfestingabók viðkomandi banka, leggja mat á stýringu veltubókar með hliðsjón af reglum og verkferlum sem voru í gildi innan hvers banka, ásamt því að fara yfir útreikninga á afkomu veltubókar. Í þriðja lagi var framkvæmd athugun á eftirlitsaðgerðum tengdum lánaferli. Meginmarkmið athugunarinnar var að kanna yfirsýn yfir verklag og verkferla sem snúa að lánveitingum og eftirfylgni bankans með þeim. Jafnframt var kannað hvort hlutverkaskipting væri skýr á milli varnarlína 1 og 2.

Ein af stefnumarkandi áherslum Fjármálaeftirlitsins til ársins 2020 er að auka áherslu á neytendamál. Til samræmis við þá áherslu var gerð athugun hjá Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði tryggingum hf. til að kanna verklag við uppgjör á bótum vegna ökutækjatjóna þegar um altjón er að ræða. Í athugunni var farið yfir verklagið og það staðreynt með úrtaki.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingamiðlara og framkvæmdi athugun hjá Nýju váttryggingaþjónustunni ehf., Tryggingamiðlun Íslands ehf., Tryggingum og ráðgjöf ehf. og Tryggja ehf. Markmið þeirra athugana var að kanna hvort viðunandi þarfagreiningar færu fram áður en váttryggingarsamningar væru gerðir við váttryggingataka og hvort áskilinn rökstuðningur fylgdi þeim ráðleggingum. Einnig var kannað hvernig aðgangstakmörkunum að persónuupplýsingum væri háttáð.

Mynd 8 Fjöldi vettvangsathugana sem lokið var við á árunum 2017 og 2018 flokkaður eftir tegund eftirlitsskyldra aðila.



Breytt verklag við vettvangsathuganir

Í árslok 2018 kynnti Fjármálaeftirlitið breytt verklag í tengslum við vettvangsathuganir. Vettvangsathugunarferillinn skiptist nú í fjóra fasa: undirbúningsfasa, rannsóknarfasa, skýrslufasa og úrbótafasa.


Stærsta breytingin sem eftirlitsskyldir aðilar finna fyrir er að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru nú lengur á vettvangi. Verklagið krefst þess að starfsmenn fái góða vinnuástöðu, aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum og aukin samskipti eru við starfsmenn eftirlitsskyldra aðila á meðan á athuguninni stendur. Önnur breyting á ferlinum er að vettvangsathugunarteymið fundar með hinum eftirlitsskylda aðila, kynnir honum drög að niðurstöðum og gefur honum einnig kost á að koma sjónarmiðum

sínum á framfæri, áður en endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Aðferðir við framkvæmd vettvangsathugana eru m.a. að athuga, greina og staðfesta upplýsingar. Auk þess eru tekin hnitmiðuð viðtöl við starfsmenn eftirlitsskyldra aðila og farið í gegnum verkferla skref fyrir skref til að leggja mat á hvort framkvæmd sé í samræmi við skráð verklag. Þá er úrtaksaðferð meðal annars nýtt til að staðfesta gæði gagna.

Á grundvelli niðurstöðu vettvangsathugunar er stjórnvaldsákvörðun tekin og send eftirlitsskyldum aðila ásamt úrbótakröfum, séu þær settar fram.

Til að auka gagnsæi um verklag við vettvangsathuganir gaf Fjármálaeftirlitið út *Leiðarvísi um vettvangsathuganir* sem finna má á vef stofnunarinnar.



Að lokum má nefna að Fjármálaeftirlitið hefur lagt mikla áherslu á auknið eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og framkvæmdi stofnunin þrjár vettvangsathuganir vegna þess á síðastliðnu ári, þar sem markmiðið var að kanna framfylgni við afmarkaða þætti laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Áframhald mun verða á slíkum athugunum á næstu misserum en Fjármálaeftirlitið hefur á undanförunum árum reglulega farið í vettvangsathuganir tengdar þessum málaflokki.

Hæfismat, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar

Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Þrátt fyrir að það sé fyrst og fremst á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að framkvæmdastjóri og stjórnarmenn þeirra uppfylli á hverjum tíma kröfur laga og reglna um hæfi og hæfni hefur Fjármálaeftirlitið einnig hlutverki að gegna við matið. Þannig ber Fjármálaeftirlitinu að leggja mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjölmargra eftirlitsskyldra aðila þegar þeir hefja störf og getur það auk þess hvenær sem er tekið hæfi þeirra til skoðunar.

Við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna styðst Fjármálaeftirlitið við þær hæfiskröfur sem gerðar eru til viðkomandi aðila í þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi eftirlitsskylda aðilans. Þá lítur Fjármálaeftirlitið jafnframt til viðmiðunarreglna EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 100 framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila á árinu 2018. Í langflestum tilvikum var um að ræða stjórnarmenn. Í töflu 3 má sjá fjölda hæfismata síðastliðin þrjú ár. Af þeim aðilum sem voru boðaðir í munnlegt hæfismat á síðasta ári, voru sex sem ekki sýndu fram á fullnægjandi þekkingu eða mættu ekki í boðað viðtal.

Tafla 3 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2016	2017	2018
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem teknir voru í hæfismat	84	115	100
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem stóðust ekki hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í boðað viðtal	8	2	6

Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum. Virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

Talsvert var um breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja á árinu og afgreiddi Fjármálaeftirlitið meðal annars tilkynningar Kviku banka hf. um virkan eignarhlut í GAMMA Capital Management hf. og aukinn virkan eignarhlut í Kortþjónustunni hf. Þá voru afgreiddir virkir eignarhlutir Ditto dx slf., Bellevue Partners dx slf., Bdix dx slf., Svinnur dx slf. og HB Consulting dx slf. í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf., G 62 ehf., Selsvalla ehf., Norðurvarar ehf., og Tómasar Karls Aðalsteinssonar í Íslenskum fjárfestum hf. og Bjargar Capital ehf. í Íslenskum verðbréfum hf. Að auki tóku ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um virkan eignarhlut Taconic Capital Advisors LP og tengdra aðila og Kaupþings ehf. í Arion banka hf. gildi þegar hlutabréf í bankanum voru tekin til viðskipta í júní 2018.

Starfsleyfi, skráningar, samrunar og skiptingar og afturköllun starfsleyfa

Þín ráðgjöf hlaut starfsleyfi sem váttryggingamiðlun skv. lögum nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga og Aur App ehf. sem innheimtuaðili skv. innheimtulögum nr. 95/2008. Auk þess hlaut félagið Skiptimynt ehf. skráningu sem þjónustuveitandi sem býður upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla sbr. lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Árni Reynisson, Árni Reynisson ehf. og Olaf Forberg lögðu inn leyfi sitt til að miðla váttryggingum skv. lögum nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga og staðfesti Fjármálaeftirlitið innlögn starfsleyfanna. Starfsleyfi Guðmundar Þórs Magnússon til miðlunar váttrygginga var afturkallað af stjórn Fjármálaeftirlitsins þar sem starfsemi hafði verið hætt í meira en sex mánuði samfellt, sbr. 5. tölul 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Einnig afsalaði Innheimturáðgjöf ehf. innheimtuleyfi sínu skv. innheimtulögum nr. 95/2008. Iceland Tax Free ehf. óskaði eftir afskráningu sem gjaldeyrisskiptastöð, sbr. lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og tók Fjármálaeftirlitið fyrirtækið af skrá sinni yfir gjaldeyrisskiptastöðvar.

Fjármálaeftirlitið samþykkti samruna Öldu sjóða hf. við Júpíter rekstrarfélag hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Júpíter rekstrarfélag hf. tók við öllum réttindum og skyldum Öldu

sjóða hf. og voru fjármálafyrirtækin sameinuð undir nafni Júpítters rekstrarfélags hf.

Fjármálaeftirlitið samþykkti skiptingu Íslenskra fjárfesta hf. í tvö félög á grundvelli 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Með skiptingunni fluttust tiltekna eignir og skuldir sem eru ótengdar rekstri fjármálafyrirtækja frá verðbréfafyrirtækinu til KJO ehf. sem stundar ekki leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Skoðun á mögulegri starfsemi án leyfis

Fjármálaeftirlitinu berast reglulega ábendingar og hefur einnig frumkvæðisskoðanir á starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar. Á árinu 2018 hóf Fjármálaeftirlitið ellefu slíkar athuganir. Sjö athugunum lauk án frekari aðgerða, þrjár athuganir eru enn til skoðunar og einni var lokið með niðurstöðu um brot.

Nýjar viðmiðunarreglur um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

Nýjar viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti (e. internal governance) tóku gildi í öllum aðildarríkjum 30. júní 2018, þar á meðal á Íslandi. Á sama tíma tóku gildi sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA um stjórnarhætti er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins hvað varðar innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Viðmiðunarreglurnar eru í samræmi við bæði meginreglur OECD og Basel-nefndarinnar um stjórnarhætti.

Í nýju viðmiðunarreglunum um innri stjórnarhætti er útfært og skýrt nánar hvað felst í ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur um innri stjórnarhætti mun Fjármálaeftirlitið framvegis styðjast við viðmiðunarreglurnar. Samhliða gildistöku viðmiðunarreglnanna féllu úr gildi leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Tilgangur nýju viðmiðunarreglnanna er að taka á veikleikum í innri stjórnarháttum sem hafa leitt til óhófllegrar áhættutöku í fjármálakerfinu og um leið aukinnar kerfisáhættu í fjármálakerfi Evrópu. Markmiðið er að brugðist verði fyrir við hugsanlegum skaðlegum áhrifum yfirborðskenndra stjórnarháttá, ekki síst í ákvörðunartöku og við stýringu á áhættu.

Í nýju viðmiðunarreglunum eru settar fram ítarlegri kröfur sem miða að því að:

- Stuðla að heilbrigðri áhættumeningu sem er innleidd af stjórn og stjórnendum
- Bæta yfirsýn stjórnar á starfsemi fjármála-fyrirtækis
- Styrkja umgjörð áhættustýringar fjármála-fyrirtækja (e. risk management framework)
- Stuðla að gagnsæi í stjórnskipulagi fjármálafyrirtækja
- Tryggja ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra í starfsemi fjármálafyrirtækis sem og starfsmanna og stjórnar

Lögð er áhersla á að fjármálafyrirtæki tryggi gagnsæi í stjórnskipulagi sínu þannig að stjórn og eftirlitsyfirvöldum sé kleift að viðhafa viðeigandi eftirlit. Þetta þýðir m.a. að fjármálafyrirtæki skal forðast að setja upp flókna og mögulega ógagnsæja strúktúra. Sömuleiðis að fjármálafyrirtæki skuli ekki stofna til starfsemi sem skortir skýran efnahagslegan og lagalegan tilgang eða gæti tengst fjársvikum. Sömu kröfur eiga við þegar fjármálafyrirtæki setja upp strúktúra fyrir viðskiptavinum.

Þá er í viðmiðunarreglunum sett fram nánari útlistun á hlutverki og ábyrgð stjórnar og stjórnenda sem miða að því að tryggja viðeigandi stýringu á áhættu með góðri áhættumeningu og skilvirkni innra eftirliti. Fjármálafyrirtæki eiga árlega að meta stjórnarhætti sína með hliðsjón af viðmiðunarreglunum.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Aukið eftirlit og ný lög samþykkt

Fjöldi tilkynningarskyldra aðila, sem falla undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að rannsaka og tilkynna um allar grunsamlegar millifærslur og viðskipti sem tengjast ágóða af refsiverðri háttsemi eða fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framfylgni þeirra við ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka – meðal annars með vettvangsathugunum og úttektum sem gerðar eru á starfsemi tilkynningarskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur lagt aukna áherslu á þennan málaflokk frá árinu 2017, bætt við stöðugildum og fjölgað eftirlitsaðgerðum til að tryggja eftir því sem kostur er framfylgni við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Eftirlit og vettvangsathuganir

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athuganir á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá alls sjö tilkynningarskyldum aðilum á starfsárinu. Skoðun fór fram hjá fjórum sparisjóðum þar sem markmið athugunarinnar var að kanna framfylgni við þágildandi lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hvernig væri staðið að framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Í athuguninni taldi Fjármálaeftirlitið meðal annars tilefni til að gera athugasemdir við að reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn væri ekki í samræmi við ákvæði laganna og ekki væri nægilega vel staðið að uppfærslu upplýsinga um viðskiptamenn. Því var farið fram á viðeigandi úrbætur.

Þá var farið í vettvangsathuganir hjá einni greiðslustofnun, einum banka og einu lánaþyrirtæki. Um niðurstöður úr þeim athugunum vísast á bls. 18 þar sem er að finna nánari umfjöllun um efnið.

Aukin fræðsla

Unnið hefur verið að því á vettvangi stjórnvalda að útbúa fræðslufni tengt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að upplýsa almenning og tilkynningarskylda aðila um lagaskyldur þeirra. Bæklingar á rafrænu formi sem taka til einstakra efnisþátta laganna hafa ýmist verið gefnir út eða eru í vinnslu. Þeir bæklingar sem hafa verið gefnir út varða rannsóknar- og tilkynningarskyldu og þjálfun starfsmanna samkvæmt lögnum og er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Þá hefur Fjármálaeftirlitið bætt vefsíðu sína um þetta efni

og er þar að finna nýtsamlegt efni fyrir tilkynningarskylda aðila. Að auki hefur Fjármálaeftirlitið unnið að því að kynna viðmiðunarreglur evrópsku eftirlitstofnananna á fjármálamarkaði fyrir viðeigandi aðilum.

Stjórnsýsluviðurlagaheimildir í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Með hinum nýju lögum er eftirlitsaðilum, þar með talið Fjármálaeftirlitinu, veittar heimildir til að beita stjórnsýsluviðurlögum vegna lögbrota. Fjármálaeftirlitið getur nú lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn tilteknum ákvæðum laganna. Stjórnvaldssektir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja á umrædda aðila geta að hámarki numið 800 milljónum króna en geta verið allt að 10% af heildarveltu þeirra samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi. Fjármálaeftirlitið getur einnig lagt stjórnvaldssektir á starfsmenn þessara aðila sem geta numið frá 500 þúsund kr. til 625 milljónum kr.

Í lögnum er einnig kveðið á um aðrar viðurlagaheimildir. Annars vegar getur Fjármálaeftirlitið vikið frá stjórn viðkomandi aðila, í heild eða að hluta, sem og framkvæmdastjóra, hafi verið brotið með alvarlegum, ítrekuðum eða kerfisbundnum hætti gegn ákvæðum laganna. Er viðkomandi einstaklingi jafnframt óheimilt að taka sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn tilkynningarskylds aðila næstu fimm ár frá brottvikningu. Þessi viðurlagaheimild er ný af nálinni. Auk þess er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afturkalla starfsleyfi eða skráningu viðkomandi aðila, í heild eða að hluta, brjóti hann vísvitandi, alvarlega, ítrekað eða kerfisbundið gegn ákvæðum laganna.

Aðgerðir í kjölfar úttektar FATF

Alþjóðlegi framkvæmdahópurinn Financial Action Task Force (FATF) gerði úttekt á Íslandi árið 2017 sem lauk með skýrslu í apríl 2018. Meðan á úttektinni stóð og í kjölfar skýrslunnar hófst umfangsmikið úrbótaferli af hálfu Fjármálaeftirlitsins og annarra stjórnvalda hér á landi. Aukið vægi málaflokksins undanfarin ár er hluti af ferli þar sem áhersla hefur verið lögð á innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits, fleiri og dýpri vettvangsathuganir, breytingar á lögum og regluverki og aukna fræðsla um málaflokkinn. Liður í aukinni áherslu stjórnvalda á málaflokkinn er stofnun stýrihóps sem leiddur er af dómsmálaráðuneytinu en Fjármálaeftirlitið er með fulltrúa í hópnum. Ein helsta aðgerð stjórnvalda í úrbótaferlinu var að setja ný heildarlög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Lögin tóku gildi 1. janúar 2019 og eru innleiðing á tilskipun 2015/849/ESB (AMLD IV) og hluta af tilskipun 2018/843/ESB (AMLD V) í íslenskan rétt.

Alþjóðasamstarf

Evrópska efnahagssvæðið

Fjármálaeftirlitið er þátttakandi í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Vegur þar þyngst þátttaka í starfi Evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði en þær eru fjórar: Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) og Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB). Fjármálaeftirlitið hefur fullan aðgang að stofnununum og hefur þar sömu réttindi og skyldur og fulltrúar eftirlitsstjórnvalda ríkja Evrópusambandsins, að undanskyldum atkvæðisrétti.

Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir stofnuninni kleift að sækja sér dýpri þekkingu á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Með þátttöku sinni leggur Fjármálaeftirlitið einnig sitt af mörkum til að tryggja samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á EES-svæðinu. Þá byggir þátttakan undir innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi, auðveldar hana og stuðlar að skilvirkri eftirlitsframkvæmd að innleiðingu lokinni.

Með þátttöku í ESRB getur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í og hefur aðgang að samevrópskum greiningum vegna kerfisáhættu.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin

Fjármálaeftirlitið tók áfram virkan þátt í öðru alþjóðlegu samstarfi á starfsárinu, einkum með Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum, sem eiga með sér ýmiskonar

samstarf. Það samstarf snýr meðal annars að kerfisáhættu, þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja.

Í janúar 2019 fór fram tveggja daga sameiginleg viðlagaæfing stjórnvalda sem bera ábyrgð á fjármálastöðugleika á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Æfingin hafði verið í undirbúningi frá árinu 2016. Í æfingunni var tekist á við ímyndað fjármálaáfall tengt tilbúnum bönkum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Æfingin reyndi á hæfni stjórnvalda til að bregðast við áfalli og eiga svæðisbundna samvinnu. Strax í kjölfar æfingarinnar hófst vinna við að skoða vandlega niðurstöður hennar og draga lærdóm af hvernig efla megi viðbúnað við fjármálaáföllum.

Þá er Fjármálaeftirlitið þátttakandi í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að framkvæma sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna en árlega útbýr hópurinn sérstaka skýrslu um hvar áhætta liggur og fyrirhugaðar athuganir.

Einnig tekur Fjármálaeftirlitið þátt í norrænum samstarfshópum á sviði verðbréfaeftirlits almennt, en þar á meðal er hópur sem fjallar um eftirlit á grundvelli MiFID II/MiFIR.

2 Viðurlagamál

Mál sem lauk með stjórnvaldssekt eða sátt á starfsárinu

Ákvarðanir um álagningu stjórnvaldssekta og sáttir eru að jafnaði birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við gagnsæisstefnu stofnunarinnar. Á tímabilinu 1. maí 2018 til 30. apríl 2019 birti Fjármálaeftirlitið eina tilkynningu um mál sem lokið var með álagningu stjórnvaldssektar og þrjár tilkynningar um mál sem lokið var með samkomulagi um sátt.

Tilkynningarnar vörðuðu eftirtalda aðila:

Arev verðbréfafyrirtæki hf. - stjórnvaldssekt

Stjórnvaldssekt var lögð á Arev verðbréfafyrirtæki hf. vegna brots gegn 5. og 6. gr. laga nr. 108/2007 og 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007, sem og 142. gr. laganna.

Stapi lífeyrissjóður - sátt

Samkomulag um sátt var gert við Stapa lífeyrissjóð vegna brots gegn 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Vátryggingafélag Íslands hf. - sátt

Samkomulag um sátt var gert við Vátryggingafélag Íslands hf. vegna brots gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Landsbankinn hf. - sátt

Samkomulag um sátt var gert við Landsbankinn hf. vegna brota gegn 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Samkvæmt stefnu Fjármálaeftirlitsins um beitingu þvingunarræða og viðurlaga lýkur málum að jafnaði með samkomulagi um sátt óski málsaðili þess enda hafi hann viðurkennt brotið, látið af brotlegru háttsemi eða gert viðeigandi úrbætur. Sátt kemur ekki til greina ef tilskilin varnaðaráhrif nást ekki, t.d. ef aðili hefur ítrekað gerst brotlegur við sama lagaákvæði.

Tilgangur satta er að einfalda málsmeðferð þannig að málum verði lokið á sem skemmstum tíma með sem mestum varnaðaráhrifum. Með samkomulagi um sátt gengst málsaðili við broti og fellst á greiðslu sektarfjárhæðar. Sektarfjárhæð í málum sem lokið er með sátt getur verið allt að helmingi lægri en fjárhæð stjórnvaldssektar og ræðst lækkunin af því á hvaða stigi meðferð máls er við gerð sáttar.

Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum

Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 2018 var Fjármálaeftirlitið sýknað af kröfum Eimskipafélags Íslands hf. um ógildingu á stjórnvaldssektarákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 8. mars 2017 eða lækkun sektarfjárhæðar. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hafði tekið ákvörðun um að leggja stjórnvaldssekt á félagið vegna brots á ákvæði laga nr. 108/2007 sem kveður á um að útgefandi skuli birta opinberlega allar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Málið er nú til meðferðar fyrir Landsrétti og gera má fyrir niðurstöðu sumarið 2019.

Arctica Finance hf. höfðaði mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 20. september 2017 um að leggja stjórnvaldssekt á félagið vegna brota þess á ákvæði laga nr. 161/2002 sem fjallar um kaupauka. Héraðsdómur Reykjavíkur, sem kvað upp dóm 8. mars 2019, féllst á að arðgreiðslur til starfsmanna Arctica Finance hf. hafi í raun verið kaupauki. Dómurinn féllst að hluta á kröfu Arctica Finance hf. um að ógilda framangreinda ákvörðun og lækka sektarfjárhæðina. Nánar tiltekið taldi héraðsdómur að þær reglur, sem Fjármálaeftirlitið studdi ákvörðun sína við fyrir tímabilið 2012-2015, hefðu ekki haft næga lagastoð sem viðurlagaheimild. Héraðsdómur taldi á hinn bóginn að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins vegna árána 2016 og 2017 hefði haft næga stoð í lögum, en 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, sem ætlað var að takmarka kaupaukagreiðslur fjármálfyrirtækja, var breytt í júlí 2015. Á grundvelli þessa var ákvörðun Fjármálaeftirlitsins staðfest að hluta, en fjárhæð sektar, sem Fjármálaeftirlitið hafði lagt á Arctica Finance hf., lækkuð í 24 milljónir króna. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar.

Vætanlegar breytingar á framkvæmd vegna birtingar ákvarðana um beitingu stjórnarsýsluviðurlaga

Fjármálaeftirlitið birtir að jafnaði ákvarðanir um álagningu stjórnvaldssekta og sáttir á grundvelli heimildarinnar í 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins. Í gagnsæisstefnunni segir m.a. að nöfn eftirlitsskyldra aðila séu að jafnaði birt en nöfn annarra ekki nema það hafi sjálfstæða þýðingu að birta þau.

Nú er breytinga að vænta varðandi opinbera birtingu á málum sem lokið er með stjórnarsýsluviðurlögum. Í nýlegum Evrópugerðum um fjármálamarkaðinn er í auknum mæli kveðið á um skyldu eftirlitsstjórnvalds til að birta niðurstöðu um beitingu stjórnarsýsluviðurlaga (e. administrative sanctions), og eftir atvikum annarra

úrræða vegna brota (e. other administrative measures). Þá er í ákvæðunum mælt fyrir um að nöfn hlutaðeigandi aðila, lögaðila jafnt sem einstaklinga, séu birt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Þessi nýju ákvæði um opinbera birtingu á niðurstöðum um beitingu stjórnsluviðurlaga og eftir atvikum annarra úrræða vegna brota munu verða lögfest hér á landi. Nú þegar hefur eitt slíkt ákvæði öðlast lagagildi. Það er að finna í 53. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með lögfestingu þessara nýju ákvæða má gera ráð fyrir að nöfn annarra aðila en eftirlitsskyldra aðila verði í auknum mæli birt þegar Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um að beita aðilana stjórnsluviðurlögum vegna brota.

Í 53. gr. laga nr. 140/2018 kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega þá stefnu sem stofnunin fylgir við framkvæmd birtingar samkvæmt ákvæðinu. Fjármálaeftirlitið hefur nú til skoðunar að gefa út nýja stefnu um opinbera birtingu, sem mun fjalla annars vegar um birtingu á niðurstöðum um beitingu stjórnsluviðurlaga samkvæmt ákvæðum sérlaga, eins og 53. gr. laga nr. 140/2018, og hins vegar um birtingu á öðrum niðurstöðum sem fer áfram fram samkvæmt 9. gr. a laga nr. 87/1998.

Yfirlit yfir öll stjórnvaldssektarmál og sáttir eftir gildistöku laga nr. 58/2015

Með lögum nr. 58/2015 voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórnvaldssektarheimildum Fjármálaeftirlitsins í helstu lögum um fjármálastarfsemi. Lögin tóku gildi 16. júlí 2015 og taka til brota sem framin voru eftir gildistöku þeirra. Frá gildistöku laganna hefur Fjármálaeftirlitið lokið alls 21 máli um brot með stjórnvaldssektum; fjórum var lokið með ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um álagningu stjórnvaldssektar en 17 málum var lokið með samkomulagi við hinn brotlega um að ljúka málinu með sátt.

Tólf málanna vörðuð brot á ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sjö mál lutu að brotum á ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tvö málanna vörðuð brot á ákvæðum laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði.

Tafla 4 Fjöldi viðurlagamála eftir lagabálkum frá gildistöku laga nr. 15/2015

Lög 108/2007	12
Lög 161/2002	7
Lög 128/2011	2

Af þeim tólf málum sem lutu að brotum á ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) vörðuð fimm brot á flöggunarreglum, þrjú brot á ákvæðum um birtingu innherjaupplýsinga og skil á listum yfir fruminnherja, þrjú vörðuð brot gegn ákvæðum um fjárfestavernd og eitt varðaði brot á ákvæðum um reglulega upplýsingagjöf útgefanda. Af þeim fimm málum sem lutu að brotum á ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) vörðuð þrjú brot gegn reglunni um að sá sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrirfram, þrjú málanna vörðuð brot á kaupaukareglum og eitt málið laut að broti á ákvæði laganna sem kveður á um að starfsleyfi þurfi til að sinna tiltekinni starfsemi. Bæði málin um brot á lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði (sjóðalög) lutu að ákvæðum laganna um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða.

Tafla 5 Fjöldi viðurlagamála eftir þeim lagaákvæðum sem brotin voru frá gildistöku laga nr. 15/2015

Flöggunarreglur (vvl.)	5
Birting innherjaupplýsinga og listi yfir fruminnherja (vvl.)	3
Fjárfestavernd (vvl.)	3
Regluleg upplýsingagjöf útgefanda (vvl.)	1
Virkur eignahlutur (fftl.)	3
Kaupaukareglur (fftl.)	3
Starfsemi án starfsleyfis (fftl.)	1
Fjárfestingaheimild fjárfestingarsjóða (sjóðalög)	2

3 Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Lagabreytingar á árinu 2018

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í að móta regluverkið sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, bæði með setningu eigin reglna og með útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Þá er þátttaka Fjármálaeftirlitsins í nefndum og starfshópum á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila umtalsverð og nýtist sú sérfræðiþekking sem starfsfólk Fjármálaeftirlitsins býr yfir í slíka vinnu. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, beitir þeim og túlkar og fylgist með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálaeftirlitið gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af Evrópsku eftirlitstofnununum á fjármálamarkaði.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2018:

- Lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sjá ítarlega umfjöllun aftar í þessum kafla.
- Lög nr. 36/2018 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi (EES-reglur, eftirlitsstofnanir o.fl.).
- Lög nr. 54/2018 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki en um er að ræða fyrsta hluta innleiðingar BRRD tilskipunarinnar. Með setningu laganna voru lögfest ákvæði um endurbótaáætlanir (e. recovery plans), tímanleg inngrip (e. early intervention) og fjárstuðning innan samstæðu (e. intra-group financial support). Þessar heimildir lúta allar eftirliti og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins.
- Lög nr. 65/2018 um breytingu á lögum um húsnæðismál (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs).
- Lög nr. 140/2018 sem eru ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem innleiða AML IV tilskipunina og hluta þeirrar fimmtu, sjá ítarlega umfjöllun aftar í þessum kafla.

Þá samþykkti Alþingi fyrr á þessu ári lög nr. 8/2019 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (stjórn og endurskoðun). Til umræðu eru enn fremur á Alþingi nokkur lagafrumvörp er varða fjármálakerfið. Þar á meðal frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun, frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, frumvarp

til laga um dreifingu váttrygginga og frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga. Síðastnefndu tvö frumvörpin eru til að innleiða IDD tilskipunina um dreifingu váttrygginga í lög og munu þau fella gildandi lög um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 brott, verði þau að lögum, sjá nánar á bls. 31.

Ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Þann 1. janúar 2019 tóku gildi ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lög nr. 140/2018. Lögin tóku við af eldri lögum um sama efni, nr. 64/2006. Nýju lögin innleiða fjórðu peningabættistilskipun Evrópusambandsins (AML IV) ásamt hluta af þeirri fimmtu (AML V). Þá er lögnum ætlað að bregðast við þeim veikleikum sem Financial Action Task Force (FATF) benti á varðandi löggjöfina í úttekt sinni á Íslandi árið 2018.

AML IV kveður á um að allar aðgerðir þeirra sem koma að málaflóknum séu áhættumiðaðar. Ein helsta breytingin sem lögin hafa í för með sér er að nú hvílir skylda á tilkynningarskyldum aðilum að gera áhættumat á eigin rekstri og viðskiptum. Áhættumatið er undirstaða allra aðgerða aðilanna til varnar peningabætti og leiðarvísir þeirra um hvar beri að gæta sérstakrar varkárni m.a. með því að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun. Að auki eru í matinu tilgreindar leiðir til að milda og draga úr líkum á því að starfsemi viðkomandi sé misnotuð. Önnur breyting sem hefur mikil áhrif er ný skilgreining á einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sem bæði hefur áhrif á tilkynningarskylda aðila og viðskiptamenn þeirra. Þá er það nýjung samkvæmt lögnum að tilkynningarskyldir aðilar sem eru hluti af samstæðu skulu á samstæðugrunni setja sér stefnu og ferla varðandi málefni sem heyra undir lögin. Þetta mun að öllum líkindum hafa töluverð áhrif á tilkynningarskylda aðila, sér í lagi banka og dótturfélög þeirra sem í mörgum tilvikum eru einnig tilkynningarskyldir aðilar. Þá er ein veigamesta breytingin að eftirlitsaðilar, þ.e. Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri, geta beitt viðurlögum vegna brota gegn lögnum. Það er því heimild til að leggja stjórnvaldssektir á aðila vegna tiltekinna brota gegn lögnum og geta þær numið frá 5 til 800 milljónum kr. Sektir sem lagðar eru á starfsmenn tilkynningarskyldra aðila geta numið frá 500 þúsund til 625 milljóna kr. Þá er eftirlitsaðilum heimilt að víkja stjórn tilkynningarskylds aðila frá í heild eða að hluta sem og framkvæmdastjóra hafi verið brotið með alvarlegum, ítrekuðum eða kerfisbundnum hætti gegn ákvæðum laganna. Að lokum getur Fjármálaeftirlitið afturkallað

starfsleyfi eða skráningu tilkynningarskylds aðila í heild eða að hluta brjóti hann vísvitandi, alvarlega, ítrekað eða kerfisbundið gegn ákvæðum laganna.

Ný lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

Hinn 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Um er að ræða lög sem innleiða EMIR reglugerðina sem hefur það markmið að auka gagnsæi í afleiðuviðskiptum, draga úr kerfisáhættu sem getur stafað af slíkum viðskiptum og stuðla að fjármálastöðugleika. Reglugerðin felur í sér nýjar kröfur vegna viðskipta með afleiður, hvort heldur sem er afleiður sem hafa verið teknar til viðskipta á þar til gerðum viðskiptavettvangi eða sem viðskipti eru með utan slíks vettvangs. Reglugerðin fjallar einnig um samræmdar kröfur um skipulag, starfshætti og rekstur miðlægra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa.

Ein af nýjungum sem fylgja EMIR er tilkynningarskylda aðila sem stunda afleiðuviðskipti. Þeir þurfa að skila upplýsingum um afleiðusamninga til afleiðuviðskiptaskrár sem fengið hefur skráningu innan EES eða verið viðurkennd af framkvæmdastjórn ESB. Afleiðuviðskiptaskrár starfa samkvæmt starfsleyfi frá Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitinu (ESMA) og sæta beinu eftirliti stofnunarinnar.

Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á starfsárinu

Á starfsárinu setti Fjármálaeftirlitið reglur um váttryggingafélög sem undanþegin eru tilteknum ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi nr. 1090/2018 en þær eru nýmæli. Þá voru gefnar út fernar reglur sem eru endurskoðun á eldri reglum:

- Reglur um gjaldeyrissskiptastöðvar, peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja nr. 670/2018.
- Reglur um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga nr. 285/2018
- Reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja nr. 1001/2018.
- Reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, nr. 326/2019

Einnig voru gefnar út nokkrar reglur til að innleiða tæknilega staðla Evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði:

- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar nr. 689/2018.
- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila, nr. 690/2018.
- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða málsmeðferðarreglur vegna stofnunar félags með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og form og sniðmát fyrir gögn, nr. 1091/2018.
- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu váttryggingafélaga, nr. 120/2019.
- Reglur um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri, nr. 130/2019.

Þá gaf Fjármálaeftirlitið út ný Leiðbeinandi tilmæli vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, nr. 1/2019. Tilmælin hafa að geyma viðmið til nánari skýringar um þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi rekstraráhættu með áherslu á rekstur upplýsingakerfa.

Fjöldinn allur af viðmiðunarreglum EES (e. guidelines) var tekinn upp hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu. Um er að ræða viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gefa út að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 16. gr. reglugerða um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem innleiddar hafa verið í lög nr. 24/2017 um evrópsk eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þessar viðmiðunarreglur eru ekki teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins heldur er sá háttur hafður á að birt er dreifibréf um efni viðmiðunarreglnanna og slóð á enska útgáfu þeirra á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Auk þess eru haldnar kynningar á efni viðmiðunarreglnanna eftir þörfum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið byggir því á viðmiðunarreglunum við framkvæmd eftirlits.

Þá birti Fjármálaeftirlitið á starfsárinu uppfærða útgáfu af Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferils (SREP) hjá fjármálafyrirtækjum og í fyrsta sinn einnig sambærileg Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlits með váttryggingafélögum.

Yfirstandandi innleiðing Evrópugerða

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vinnur að því að innleiða fjölda Evrópugerða á sviði fjármálamarkaðar. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í þeirri vinnu og er hér fjallað stuttlega um þær gerðir sem verða innleiddar á komandi árum:

BRRD

Á árinu 2018 var hluti BRRD tilskipunarinnar innleiddur í lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Nú er unnið er að gerð frumvarps sem innleiðir þann hluta BRRD tilskipunarinnar sem snýr að skilameðferð fjármálafyrirtækja. Í því frumvarpi verða ákvæði um skilavald (e. resolution authority), þau skilaúrræði sem slíkt stjórnvald mun geta gripið til, gerð skilaáætlana og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL). Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram haustið 2019.

AIFMD

Gerð lagafrumvarps til innleiðingar á tilskipun um starfsemi sérhæfðra sjóða stendur yfir. AIFMD tekur til starfsemi annarra sjóða en verðbréfasjóða (UCITS sjóða) og markmið hennar er að samræma regluverk milli aðildarríkja EES svæðisins, tryggja einsleitni á innri markaðnum, tryggja fjármálastöðugleika, auka fjárfestavernd og efla traust og eftirlit með starfsemi sérhæfðra sjóða og rekstraraðila þeirra.

MiFID II/MiFIR

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu til að semja löggjöf til innleiðingar á MiFID II tilskipuninni og MiFIR reglugerðinni um markaði með fjármálagerninga. Stefnt er að því að löggjöfin taki gildi í byrjun árs 2020. Gerðirnar fjalla meðal annars um fjárfestavernd, skipulag viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtækja og gagnsæi í viðskiptum. Samhliða nefndarvinnunni fer nú fram vinna innan Fjármálaeftirlitsins við að innleiða ýmsar breytingar sem leiða af hinu nýja regluverki. MiFID II/MiFIR er ætlað að auka gagnsæi og bæta virkni markaðar fyrir fjármálagerninga innan EES. Gert er ráð fyrir að nefndarvinnunni ljúki á fyrri hluta ársins og að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi á haustþingi 2019.

Útboðs- og skráningarlýsingar (Prospectus reglugerð)

Á árinu 2019 tekur gildi innan ESB ný reglugerð um þær lýsingar sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglugerðin leysir af hólmi fyrri tilskipun um sama efni. Vinna er hafin við að taka reglugerðina inn í EES samninginn og innleiða hana hér á landi sem fyrst til að tryggja að sömu reglur gildi hér og í öðrum EES ríkjum, m.a. til að ekki skapist vandamál fyrir þá útgefendur sem vilja skrá verðbréf bæði á Íslandi og í öðrum EES ríkjum. Í reglugerðinni er m.a. komið á fót nýrri flýtimeðferð fyrir útgefendur sem gefa reglulega út lýsingar og gerðar minni kröfur um upplýsingagjöf hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hafa engin verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði.

CSDR

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í vinnu nefndar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að innleiða reglugerð um bætt verðbréfauppgjör á EES svæðinu og um verðbréfamiðstöðvar (e. Central Securities Depositories Regulation, CSDR). Markmið reglugerðarinnar er að samræma reglur um verðbréfauppgjör á EES svæðinu. Stefnt er að framlagningu frumvarps á haustþingi 2019. Ný lög munu hafa það að markmiði að bæta verðbréfauppgjör og gera ríkari kröfur til starfsemi verðbréfamiðstöðva og draga þannig úr kerfisáhættu og stuðla að fjármálastöðugleika. Markmiðið er einnig að samræma verðbréfauppgjör innan EES svæðisins og efla samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva.

PSD 2

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu vegna frumvarps til að innleiða aðra tilskipun ESB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Við innleiðingu tilskipunarinnar verður tilteknum aðilum á fjármálamarkaði gert kleift að fá aðgang að gögnum um greiðsluþjónustu sem einungis bankar hafa hingað til búið yfir. Einnig verður starfsemi fjártæknifyrirtækja sem búa yfir nýjum leiðum og nýjum tæknilausnum í greiðslumiðlun gerð starfsleyfis skyld, eða eftir atvikum skráningarskyld. Gerðar verða ríkar kröfur til greiðsluþjónustuveitenda um öryggi þessara nýju tæknilausna með áherslu á neytendavernd.

MAR

Vinna stendur yfir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu við að undirbúa breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 til að innleiða reglugerð ESB um markaðssvik í íslenskan rétt. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnunni. MAR reglugerðin inniheldur reglur um markaðssvik, meðferð innherjaupplýsinga og innherja og kemur í stað eldri tilskipunar sem innleidd var á Íslandi árið 2005. Með MAR er gildissvið regluverksins m.a. útvíkkað þannig að reglurnar ná til fleiri tegunda fjármálagerninga en fyrri tilskipun gerði, auk fleiri tegunda markaða. Markmið MAR reglugerðar er m.a. að styrkja eldri reglur sem giltu um markaðssvik og meðferð innherjaupplýsinga og koma á samræmdara evrópsku regluverki og eftirliti á þessu sviði.

UCITS V

Skipuð hefur verið nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að innleiða UCITS V tilskipunina, sem breytir eldri tilskipun um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS IV). Í breytingartilskipuninni eru þrjár þættir í brennidepil, þ.e. ítarlegri ákvæði um vörsluaðila verðbréfasjóða, ákvæði um starfskjarastefnu rekstrarfélaga og samræming á lágmarks valdheimildum eftirlitsaðila innan EES.

Innleiðing tilskipunar um dreifingu váttrygginga (IDD)

Lögð hafa verið fram tvö frumvörp til að innleiða ákvæði tilskipunar um dreifingu váttrygginga nr. 2016/97 en gildandi lög um miðlun falla brott við lögfestingu frumvarpanna. Annars vegar er um að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um dreifingu váttrygginga og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga. Í fyrra frumvarpinu er hugtakið dreifing váttrygginga skilgreint en það er víðtækara hugtak en miðlun og nær yfir þá starfsemi sem felst í ráðgjöf um, að gera tillögu um eða undirbúa gerð váttryggingarsamnings eða endurtryggingasamnings, gera slíkan samning, eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins. Þá nær gildissvið frumvarpsins til allra þeirra sem dreifa váttryggingum. Meiri kröfur eru gerðar um hæfi og hæfni þeirra sem dreifa váttryggingum og skulu þeir árlega fara í endurmenntun til að viðhalda hæfinu. Þá skal tryggja að endurgjald brjóti ekki í bága við þá skyldu að hafa hagsmuni væntanlegs váttryggingartaka að leiðarljósi. Frumvarpið tilgreinir skiptingu eftirlits milli heimaeftirlits og gistiríkja og mikilvægt nýmæli er að Fjármálaeftirlitið mun hafa heimild til að stöðva starfsemi erlendra aðila hér á landi sem fara ekki að lögum ef nauðsyn krefur.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga innleiðir þau ákvæði IDD tilskipunarinnar sem fjalla um upplýsingagjöf vegna dreifingar váttrygginga auk þess sem sérstakar kröfur eru gerðar um dreifingu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru ítarlegri upplýsingagjöf vegna endurgjalds fyrir dreifingu váttrygginga, ítarlegri ákvæði um þarfagreiningu og mun meiri kröfur varðandi formskilyrði upplýsingagjafar. Gert er ráð fyrir því að unnt sé að veita upplýsingar rafrænt og upplýsingar vegna skaðatryggingar skulu gefnar í stöðluðu upplýsingaskjali. Þá eru gerðar viðbótarkröfur vegna þarfagreiningar þegar um er að ræða váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og krafa um sérstakar ráðstafanir til varnar hagsmunaárekstrum. Nýmæli í frumvarpinu eru kröfur um vöruþróun og vörustýringu. Skilgreina skal markhóp váttryggingaafurða og tryggja að markaðssetning beinist til viðeigandi markhóps. Í báðum frumvörpunum er lagt til að unnt verði að skjóta ágreiningi vegna réttinda og skyldna viðskiptavinar til úrskurðarnefndar.

4 Mannauður, rekstur og afkoma

Stöðugleiki í rekstri hefur einkennt starfsemi Fjármálaeftirlitsins undanfarin ár. Fjármögnun hefur verið stöðug og fylgt verðlagi, starfsmannavelta hefur verið hófleg, starfsmannafjöldi hefur haldist nær óbreyttur og þróast í samræmi við áætlanir. Stefna og framtíðarsýn stofnunarinnar er skýr og hefur gefið góðan vegvísi fyrir áherslur og markmið sem liggja til grundvallar verkáætlun Fjármálaeftirlitsins sem útbúin er á hverju ári.

Skipulagsbreytingar

Nýtt skipurit tók gildi í byrjun árs 2018 og setti vinna í tengslum við innleiðingu á því nokkurn svip á starfsemi stofnunarinnar á starfsárinu. Megintilgangur skipulagsbreytinganna var að styrkja samspil starfsemi stofnunarinnar við stefnu og áherslur Fjármálaeftirlitsins, skapa skýrari verkaskiptingu og auka skilvirkni í stjórnun með dreifingu ábyrgðar og heimilda til ákvarðanatöku, en jafnframt að aðlaga skipurit stofnunarinnar að skipulagi Evrópsku eftirlitstofnananna á fjármálamarkaði. Innleiðing hins nýja skipulags gekk vel en strax í upphafi var lögð áhersla á virka þátttöku þeirra starfsmanna sem breytingarnar náðu til, í því skyni að þeir gætu haft áhrif á framþróun sinna sviða. Skilgreind voru ný ábyrgðarsvið og hlutverk, ný teymi voru mynduð og breytingar gerðar á verklagi svo dæmi séu tekin. Þá var áhersla lögð á að styrkja teymisvinnu.

Á starfsárinu var líkt og undanfarin ár lögð áhersla á endurbætur á verklagi stofnunarinnar auk þess sem innleiðing á nýjum hugbúnaði stendur yfir til að bæta umsjón og aðgengi að ferlum og öðrum verklagsreglum. Verklagi við framkvæmd vettvangsathugana var breytt til samræmis við breyttar áherslur í nýju skipuriti sem og verklagi við eftirfylgni úrbótakrafna og birtingu gagnsæistilkynninga. Þá voru gerðar uppfærslur á verklagi í tengslum við reglubundin gagnaskil, dagsektir, innleiðingu nýrra laga og reglna, svo fátt eitt sé nefnt.

Stafræn þróun

Opnað var fyrir nýja þjónustugátt á vef Fjármálaeftirlitsins á starfsárinu, en tilgangur hennar er að haghafar stofnunarinnar geti með einföldum hætti tekið á móti og sent gögn með öruggum hætti eftir að hafa auðkennt sig með rafrænum skilríkjum. Opnað var fyrir móttöku gagna í tengslum við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem gefist hefur vel. Unnið er að því að bjóða upp á fleiri valkosti á næstu misserum í samræmi við stefnu stofnunarinnar um að taka að fullu upp rafræn skil á öllum innsendum gögnum. Þá hófst vinna á starfsárinu við samræmda skráningu grunnupplýsinga sem mun tryggja aukna skilvirkni og samræmi milli kerfa.

Talsverð áhersla var á uppbyggingu á nýjum greiningarvef sem veitir eftirlitsstarfsfólki aukna yfirsýn yfir þau gögn sem berast Fjármálaeftirlitinu á árinu. Fyrstu mælaborð sem útfærð voru snúa að útlánaáhættu og verkáætlun. Grunnagnaverkefnið sem áður var nefnt styður vel við samræmi í greiningarlausnunum.

Unnið var að margvíslegum umbótum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarfulltrúi var skipaður, persónuverndaryfirlýsing birt á vef stofnunarinnar, drög að vinnsluskra mótuð og unnið að úrbótum í samræmi við þar til gerða aðgerðaráætlun.

Fjármálaeftirlitið festi kaup á verðbréfaeftirlitskerfi eftir útboð í samstarfi við Ríkiskaup. Innleiðing er í gangi og standa vonir til að kerfið muni gera eftirlit með viðskiptum á markaði mun skilvirkara með sjálfvirkum aðvörðunum vegna grunsamlegra viðskiptamynstra.

Aukin áhersla er nú lögð á samvinnu við Seðlabanka Íslands á sviði upplýsingatækni, t.d. er varðar rekstur og netöryggi, gagnaskil eftirlitsskyldra aðila og úrvinnslu og greiningu gagna.

Mannauður

Unnið var að gerð stofnanasamninga á árinu með það að markmiði að búa til launakerfi sem tekur mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunarinnar og hvetur til árangurs. Jafnframt var lögð áhersla á að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti og að með því sé þannig lagður grunnur að fyrirhugaðri vinnu við jafnlaunavottun.

Framundan er áframhaldandi vinna við að leita leiða til aukinnar skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi stofnunarinnar og er meðal annars horft til stafrænnar þróunar í þeim efnunum. Liður í því er að bæta enn frekar aðbúnað og afköst starfsmanna með innleiðingu nýs hugbúnaðar til að auðvelda úrvinnslu og greiningu gagna og er vinna við þróun slíks hugbúnaðar þegar hafin.

Greidd stöðugildi voru 114 á árinu 2018.

Meðalstarfsaldur í starfi hjá Fjármálaeftirlitinu var 7,5 ár í árslok 2018.

Starfsmannavelta var 6,5% á árinu 2018.

Skipting starfsmanna eftir kyni:

Konur	47,5%
Karlar	52,5%

Skipting stjórnenda eftir kyni:

Konur	47,6%
Karlar	52,4%

Rekstur og afkoma 2018

Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2018 námu rekstrargjöld samtals 2.125,7 milljónum króna og höfðu aukist um 2,2% frá árinu 2017 þegar rekstrargjöldin námu 2.080,2 milljónum króna. Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri Fjármálaeftirlitsins og nam hann 1.732,2 milljónum króna á árinu 2018 samanborið við 1.723,3 milljónir króna árið á undan og hækkaði um 0,5% milli ára. Hækkun launa á árinu er nokkuð undir almennum launahækkunum á markaði og endurspeglar hagræðingu sem náðist í mannahaldi á árinu. Fjöldi reiknaðra stöðugilda var alls 113,8 á árinu 2018 samanborið við 116,2 árið 2017. Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtalin í rekstrargjöldum, en launakostnaður nefndanna nam 19 milljónum króna á árinu 2018 og er endurkrafinn. Skattur af fjármagnstekjum 5,8 milljónir króna er færður til gjalda í rekstrarreikningi.

Rekstrartekjur Fjármálaeftirlitsins námu 2.368,25 milljónum króna á árinu 2018. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 2.295,7 milljónir króna á móti 2.156,7 milljónum króna á árinu 2017. Aðrar rekstrartekjur námu samtals 72,4 milljónum króna, en þar af voru tekjur af gjaldskrárskyldri starfsemi 21,2 milljónir króna, sértekjur vegna selds fæðis 11,9 milljónir króna og endurkrafinn kostnaður vegna úrskurðarnefnda 21,3 milljónir króna. Þá nam sérstök tekjufærsla móti afskriftum 18 milljónum króna.

Að teknu tilliti til fjármunatekna umfram fjármagnsgjöld sem námu 26,3 milljónum króna er afkoma stofnunarinnar jákvæð sem nemur 268,7 milljónum króna. Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2018 nam 564,6 milljónum króna en var í ársbyrjun 295,9 milljónir króna. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði,

sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Varasjóður samkvæmt framangreindu er 116,5 milljónir króna í árslok 2018.

Rekstraráætlun ársins 2019

Í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um rekstraráætlun ársins 2019 var áætlað að útgjöld stofnunarinnar næmu samtals 2.429,8 milljónum króna árið 2019. Ennfremur var áætlað að tekjur stofnunarinnar næmu 2.376,2 milljónum króna. Lagt var til að tap að fjárhæð 53,6 milljónum króna yrði fært yfir í eigið fé. Í fjárlögum sem samþykkt voru fyrir árið 2019 á Alþingi í desember 2018 nema heildartekjur stofnunarinnar 2.371,2 milljónum króna, þar af álagt eftirlitsgjald samkvæmt lögum nr. 99/1999 um 2.330 milljónum króna.

Skipting ráðstöfunartíma

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Í rekstraráætlun stofnunarinnar þarf því hverju sinni að leggja mat á þróun starfseminnar með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þetta mat er stutt upplýsingum úr tímaskráningarkerfi stofnunarinnar. Tafla 6 sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2016 til 2018:

Tafla 6 Skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila

	2018	2017	2016
Lánastofnanir	52,3%	57,2%	56,5%
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	13,6%	12,0%	13,0%
Lífeyrissjóðir	12,7%	12,4%	12,9%
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	9,4%	8,3%	8,3%
Verðbréfafyrirtæki	5,5%	4,2%	4,8%
Ýmsir aðilar	6,5%	5,9%	4,5%
Samtals	100%	100%	100%



II. Fjármálamarkaðurinn 2018


1 Lánamarkaður

Í árslok 2018 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir og fimm lánaþyrirtæki á Íslandi auk Íbúðalánasjóðs, eða samtals 14 lánastofnanir. Fjöldi lánastofnana hefur haldist óbreyttur frá árslokum 2015. Af viðskiptabönkunum fjórum eru þrír skilgreindir sem kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar af fjármálastöðugleikaráði en það eru Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf..

Eignir

Heildareignir lánastofnana í árslok 2018 námu samtals 4.630 milljörðum kr. en þar af námu heildareignir viðskiptabanka samtals 3.682 milljörðum kr. og höfðu hækkað um 6,7% frá árslokum 2017. Eignarhald ríkissjóðs og opinberra aðila er enn mikið á lánamarkaði. Það var samtals 66% af eigin fé lánastofnana í lok árs 2018.


Mynd 9 Skipting heildareigna lánastofnana á samstæðugrunni í lok árs 2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Heildareignir lánastofnana sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa farið lækkandi undanfarin ár. Frá árslokum 2008 hefur hlutfallið lækkað úr 334% í 165%. Þetta hlutfall var í kringum 900% í lok árs 2007. Skýringin á þróuninni frá árinu 2008 er einkum sú að verg landsframleiðsla hefur vaxið talsvert síðan þá á meðan heildareignir lánastofnana hafa nánast staðið í stað.

Mynd 10 Þróun hlutfalls eigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu 2008-2018




Heimild: Fjármálaeftirlitið og Hagstofa Íslands

Eiginfjárstaða

Í árslok 2018 nam eiginfjárgrunnur kerfislega mikilvægra banka tæpum 613 milljörðum kr. og breyttist lítillega milli ára. Eiginfjárgrunnur þeirra er að mestu leyti samsettur af almennu eigin fé þáttar 1 (e. CET1), eða rúm 94%. Eiginfjárhlutfall þeirra lækkaði á milli ára og skýrist það bæði af arðgreiðslum þeirra og hærri áhættugrunni. Áhættugrunnurinn hækkaði samanlagt um 7% á milli ára hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur.


Eiginfjárhlutfall kerfislega mikilvægra banka er eftir sem áður vel yfir eiginfjárkröfum Fjármálaeftirlitsins sem og alþjóðlegum viðmiðum.

Mynd 11 Þróun eiginfjárhlutfalls kerfislega mikilvægra bankanna þriggja (vegið meðaltal) 2016-2019



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 12 Eiginfjárhlutfall og samsetning eiginfjárkröfu kerfislega mikilvægra banka í lok árs 2018



Eiginfjárfrafa miðast við árslok 2017. Sveiflufjöfnunarauki mun hækka úr 1,25% í 1,75% í maí 2019 og í 2% í febrúar 2020.

Heimild: Fjármálaeftirlitið og ársreikningar bankanna

Rekstrarafkoma

Heildarafkoma kerfislega mikilvægu bankanna þriggja hefur farið versnandi undanfarin ár. Hagnaður þeirra eftir skatta nam tæpum 38 milljörðum kr. árið 2018 samanborið við rúma 47 milljarða kr. árið 2017. Hreinar vaxtatekjur þeirra jukust um 6 milljarða kr. á milli ára en hreinar þóknatekjur lækkuðu um tæpa 2 milljarða kr. Vaxtamunur var 2,9% og stóð í stað á milli ára. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum nam 55,2% árið 2018 samanborið við 52,4% árið 2017. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum stóð í stað milli ára.


Þrátt fyrir töluverðar hagræðingaraðgerðir síðustu misseri hafa þær enn ekki komið fram í lækkun kostnaðar hjá bönkunum. Fækkun afgreiðslustaða og starfsfólks hefur verið töluverð frá árinu 2012 hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á rafrænar sjálfsafgreiðslulausnir. Ljóst er að töluverð áhersla verður áfram á innleiðingu stafrænna lausna og hagræðingu innviða.

Mynd 13 Arðsemi eigin fjár (meðaltal) kerfislega mikilvægu bankanna þriggja og samanburður við arðsemismeðaltal eigin fjár evrópskra banka




Heimildir: Fjármálaeftirlitið og EBA Risk Dashboard.

Mynd 14 Fjöldi starfsmanna viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja 2011-2018




Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 15 Fjöldi afgreiðslustaða viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja 2011-2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 16 Hlutfall veginna lausafjäreigna af heildareignum kerfislega mikilvægra banka í árslok 2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands


Lausafjárstaða og fjármögnun

Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír eru með tiltölulega rúma lausafjárstöðu. Vegið meðaltal lausafjárhlutfalls nam alls 164% í árslok 2018, 78% í íslenskum krónum og 433% í erlendum gjaldmiðlum.

Hlutfall veginna lausafjäreigna af heildareignum hefur farið lækkanði síðastliðin ár eða úr 17% í árslok 2017 í 11% í árslok 2018. Hlutfall veginna lausafjäreigna í íslenskum krónum lækkaði úr 14% í árslok 2016 í 7% í árslok 2018. Hlutfall veginna lausafjäreigna í erlendum gjaldmiðlum hækkaði úr 2% í 4% á sama tíma.

Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír eru með tiltölulega rúmt fjármögnunarhlutfall. Vegið meðaltal þess var 118% í árslok 2018, 110% í íslenskum krónum og 159% í erlendum gjaldmiðlum.

Mynd 17 Þróun samsetningar fjármögnunar kerfislega mikilvægra banka 2016-2018




Heimild: Fjármálaeftirlitið

Samsetning fjármögnunar þeirra hefur breyst síðustu ár. Hlutfall markaðsfjármögnunar hækkaði úr 24% í lok árs 2016 í 29% í árslok 2018. Á sama tíma lækkaði hlutfall eigin fjár úr 20% í 17% og hlutfall innlána frá viðskiptavinum lækkaði úr 50% í 48%.

Endurfjármögnunarbörf kerfislega mikilvægu bankanna þriggja árið 2019 er um 92 milljarðar kr., um 164 milljarðar kr. á hverju ári milli 2020-2022 og samtals um 403 milljarðar kr. eftir það.

Mynd 18 Árleg endurfjármögnunarbörf kerfislega mikilvægra banka




Heimild: Fjármálaeftirlitið

Útlánaáhætta og eignagæði


Bókfært virði útlána kerfislega mikilvægu bankanna þriggja til viðskiptavina nam 2.745 milljörðum kr. í árslok 2018. Það samsvarar 12,2% hækkun frá árslokum 2017 þegar útlánin námu 2.446 milljörðum króna. Verðbólga ársins 2018 var 3,7% samanborið við 1,9% árið 2017. Á sama tímabili jókst hagvöxtur úr 4,6% í 4,9%. Á árinu 2018 var meiri vöxtur í fyrirtækjalánnum en einstaklingslánnum. Verulega dró úr vexti útlána á síðasta ársfjórðungi ársins. Fjármálaeftirlitið fylgist með útlánavexti bankanna og hefur brugðist við merkjum um aukna útlánþenslu með sérstöku viðmiði um eiginfjárbindingu vegna óhóflegs útlánavaxtar. Á mynd 19 má sjá þróun á útlánasöfnum frá árinu 2015 til ársins 2018 og 12 mánaða raunvöxt á hverjum ársfjórðungi.

Mynd 19 Þróun á bókfærðu virði útlána og 12 mánaða raunávöxtun á útlánnum kerfislega mikilvægra banka 2015-2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 20 Þróun vanefndahlutfalls kerfislega mikilvægra banka vegna útlána til heimila og fyrirtækja 2016-2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Vanefndahlutfall kerfislega mikilvægra banka er sögulega mjög lágt um þessar mundir og hélt áfram að lækka á árinu 2018. Hlutfallið var 1,9% hjá heimilum í árslok 2018 og 3,1% hjá fyrirtækjum.²

Útlán kerfislega mikilvægu bankanna þriggja til heimila jukust um 11% á árinu og námu um 1.150 milljörðum kr. í lok ársins 2018. Aukninguna má að mestu rekja til íbúðalána. Aukin eftirspurn hefur verið eftir


óverðtrygðum lánnum og hlutdeild þeirra hækkaði úr 34% í 38% á árinu 2018.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er einn helsti áhættuþátturinn í útlánasafni kerfislega mikilvægra banka lán með veði í atvinnuhúsnæði. Útlán þeirra til fasteignafélaga og félaga í byggingastarfsemi námu um 549 milljörðum kr. í árslok 2018 samanborið við 492 milljarða kr. í lok 2017. Þá var umtalsverður vöxtur í lánnum til fasteignaþróunarverkefna á árinu 2018.

Hægt hefur á lánveitingum kerfislega mikilvægra banka til fyrirtækja í ferðapjónustu. Reyndar var töluverður vöxtur í útlánnum til geirans á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 en þegar leið á árið dró hratt úr honum. Bókfært virði útlána kerfislega mikilvægra banka til fyrirtækja í ferðapjónustu nam 233 milljörðum kr. í árslok 2018 sem er 10% aukning frá fyrra ári. Útlán umræddra banka til fyrirtækja í ferðapjónustu voru 14% af heildarútlánnum þeirra til fyrirtækja í árslok 2018. Útlán þeirra með veði í hótellbyggingum námu um 121 milljarði kr. í árslok 2018 og hækkuðu um 6% á árinu.

Heildarútlán til fimm stærstu hópa tengdra aðila kerfislega mikilvægra banka jukust verulega á árinu 2018 og voru samtals um 192 milljarðar kr. í lok ársins. Aukninguna má bæði rekja til þess að breyting hefur orðið á tengslahópum vegna samruna og yfirtöku fyrirtækja og veitingu nýrra útlána. Stórum áhættuskuldbindingum³ þessara banka fjölgaði um tvær á árinu og voru samtals sjö í árslok 2018.

Mynd 21 Heildarútlán kerfislega mikilvægra banka til ferðapjónustuaðila í lok hvers árs 2016-2018



Heimild: Seðlabanki Íslands

² Vanefndahlutfall samkvæmt FINREP-skilgreiningu, þ.e. vanskil í 90 daga eða meira og banki telur ólíklegt að lántaki standi í skilum. Hlutfallið byggist á skýrsluskilum bankanna.

³ Áhættuskuldbindingar sem eru meira en 10% af eiginfjárgrunni.

2 Vátryggingamarkaður

Í ársbyrjun 2018 höfðu ellefu vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og fjöldi þeirra hefur haldist óbreyttur til þessa dags. Átta vátryggingafélög starfa samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Af vátryggingafélögunum átta eru fjögur á skaðatryggingamarkaði en hverju þessara fjögurra vátryggingafélaga tilheyrir eitt vátryggingafélag á líftryggingamarkaði. Auk þess starfa endurtryggingafélögin Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. að uppgjöri eldri skuldbindinga. Að auki eru Náttúruhamfaratryggingar Íslands, sem hét áður Viðlagatrygging Íslands, en það félag starfar eftir sérlægum.

Rekstur

Vöxtur var í iðgjöldum vátryggingafélaga á milli ára en bætur félaganna vegna tjóna jukust þó meira.

Bókfærð iðgjöld í skaðatryggingum jukust um 9,7% á árinu 2018 og námu 62,4 milljörðum kr. í heildina. Auk þess námu iðgjöld líf- og heilsutrygginga hjá innlendum félögum 5,7 milljörðum kr. og jukust um 6% á milli ára. Samtals námu iðgjöld innlendra félaga 68,1 milljarði kr. á síðasta ári samanborið við 62,3 milljarða kr. árið 2017.

Hlutfall iðgjalda til erlendra endurtryggjenda breyttist lítið og nam 3% af iðgjöldum skaðatrygginga og 15% af


iðgjöldum líf- og heilsutrygginga, samtals 2,9 milljörðum kr. Eigin iðgjöld íslenskra vátryggingafélaga voru því 65,2 milljarðar kr. á árinu. Hlutdeild einstakra greinaflokka hélst nær óbreytt á milli ára. Stærstur er hlutur ökutækjatrygginga eða 51% af heildariðgjöldum líf- og skaðatrygginga. Þar á eftir kemur flokkur eignatrygginga með 20% hlut en aðrar greinar vega minna.

Árið 2018 var vátryggingafélögum þyngra í skauti en árið 2017. Tjónahlutfall, þ.e. brúttó tjónakostnaður í skaðatryggingum sem hlutfall af brúttó iðgjöldum, var 78% í heildina og hækkaði um tæp fimm prósentustig á milli ára. Stærri hluti aukins tjónaþunga kom í hlut endurtryggjenda en félaganna sjálfra en á fyrra ári. Eigið tjónahlutfall íslensku vátryggingafélaganna var einnig 78% og hækkaði um eitt prósentustig frá 2017.

Sum íslensk vátryggingafélög taka að sér að endurtryggja áhættur erlendis með þátttöku í erlendum endurtryggingasamningum. Umfang þessarar starfsemi árið 2018 jókst frá því sem var árið 2017. Iðgjöld til íslenskra vátryggingafélaga hækkuðu um 27% en tjónakostnaður jókst um 52%.

Þegar kostnaður vátryggingafélaga er tekinn með í reikninginn hækkaði brúttó samsett hlutfall vátryggingafélaga í 99% árið 2018, samanborið við 96% árið áður.

Mynd 22 Iðgjöld vátryggingafélaga sundurliðuð eftir greinaflokum og með endurtryggingar sem frádráttarlið



Fjárfestingar

Fjárfestingatekjur váttryggingafélaga drógust í heildina saman um nærri því þriðjung frá fyrra ári. Arðsemi váttryggingafélaga af fjárfestingum nam um 6,3% á árinu. Samdráttur hjá Sjóvá, Tryggingamiðstöðinni og Verði skýrist öðru fremur af lakari afkomu af fjárfestingum í óskráðum og skráðum hlutabréfum. Einnig skýrist lakari fjárfestingaafkoma af lægri afkomu af fjárfestingum í skuldabréfum. Viðsnúningur í fjárfestingastarfsemi VÍS er að mestu tilkomin vegna jákvæðra gangvirðisbreytinga hlutabréfa, samanborið við fyrra ár.

Heildareignir váttryggingafélaga námu 146,6 milljörðum kr. í árslok 2018 og hækkuðu um 0,9% frá fyrra ári. Tæplega helmingur fjárfestingaeigna váttryggingafélaga eru skuldabréf og útlán, sem jukust um eitt prósentustig milli ára. Váttryggingafélög drógu úr fjárfestingum í ríkistryggðum skuldabréfum en juku við fyrirtækjabréf og útlán. Félögin drógu úr fjárfestingum í hlutabréfum og lækkuðu þær úr fjórðungi fjárfestinga í fimmtung. Lækkunin kemur til vegna sölu og vegna ráðstöfnunar í formi arðs til hluthafa. Á móti hækkaði hlutdeild sjóða um sameiginlega fjárfestingu í safni váttryggingafélaga.

Tafla 7 Samsetning eigna váttryggingafélaga í árslok 2018


	M.kr.	Hlutfall
Rekstrarfjármunir	1.739	1%
Hlutabréf	23.542	15%
Eignarhlutar í öðrum félögum	10.427	7%
Skuldabréf	54.467	35%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	23.601	15%
Útlán	2.817	2%
Aðrar fjárfestingar	7.437	5%
Endurtryggingaeignir	3.397	2%
Innlán	5.144	3%
Iðgjaldakröfur	18.791	12%
Aðrar eignir	2.424	2%
Samtals	153.787	100%

Efnahagur


Váttryggingaskuld félaganna hækkaði um 7,5% í takt við aukin umsvif og verðlagsbreytingar. Váttryggingaskuld vegna líftrygginga og einingategndra söfnunarafurða lækkaði ögn en skuldbindingar vegna skaðatrygginga hækkuðu. Váttryggingaskuld vegna skaðatrygginga nam 65,2 milljörðum kr. í árslok 2018. Hún var 22,3 milljarðar kr. vegna líf-, heilsu- og söfnunarafurða. Samtals var váttryggingaskuldin því 87,5 milljarðar kr.

Gjaldþolskrafa váttryggingafélaga lækkaði á milli ára, meðal annars vegna lægri hlutdeildar hlutabréfa en viðurkenndir gjaldþolsliðir lækkuðu. Markaðsáhætta, sem myndaði hæst framlag til gjaldþolskröfu váttryggingafélaga, hefur lækkað og er nú önnur veigamesta áhætta váttryggingafélaga. Núna jafngildir skaðatryggingaáhætta 62% af gjaldþolskröfu fyrir áhrif fjölpættingar og frestaðra skatta. Gjaldþolslutfall félaganna hækkaði að jafnaði og var 153% í árslok.

Mynd 23 Sundurliðun fjárfestinga váttryggingafélaga í árslok 2018



Mynd 24 Gjaldþolskrafa og gjaldþolsliðir váttryggingafélaga



Umsvif erlendra váttryggingafélaga

Váttryggingafélög innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa heimild til að veita þjónustu yfir landamæri. Tölur um umsvif erlendra váttryggingafélaga á síðasta starfsári liggja ekki fyrir en munu berast Fjármálaeftirlitinu frá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) síðar á árinu. Gera má ráð fyrir að þau hafi verið í takti við árið á undan.

Árið 2017 seldu erlend váttryggingafélög váttryggingar og endurtryggingar fyrir jafnvirði 10,9 milljarða kr. hér á landi. Þorri þeirrar fjárhæðar eða 7,4 milljarðar kr. voru

vegna kaupa á erlendum lífeyrissparnaðartryggingum og einingatengdum sparnaðarafurðum sem var að mestu miðlað frá Þýskalandi og að litlum hluta frá Bretlandi. Endurtryggingar frá evrópskum félögum námu 2,1 milljarði kr. Stærstu greinar frumtrygginga voru brunatryggingar, sjótryggingar, aðrar líftryggingar og almennar ábyrgðatryggingar fyrir um 1,2 milljarða kr. samtals. Iðgjöld til annarra greina frumtrygginga voru innan við 200 milljónir kr. samtals.

Þróun gjaldþolskröfu váttryggingafélaga frá gildistöku laga nr. 100/2016

Í október 2016 tóku gildi ný lög um váttryggingastarfsemi en með þeim voru innleiddar áhættu-miðaðar gjaldþolsreglur og samræmd gagnaskil. Reglubundin gagnasöfnun Fjármálaeftirlitsins á gögnum á grundvelli nýrra reglna hófst þó fyrr eða við lok árs 2015. Gjaldþolskröfu váttryggingafélaga er ætlað að tryggja að váttryggingafélög hafi yfir nægu fjármagni að ráða til að standast áfall.

Váttryggingafélögum er heimilt að reikna gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu, eigin líkani og hlutalíkani. Ellefu váttryggingafélög hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, þar af eru fjórar samstæður sem starfa á skaðatryggingamarkaði og líftryggingamarkaði. Öll þessara váttryggingafélaga beita staðalreglu til að reikna gjaldþolskröfu. Staðalreglan byggir á skilgreindum forsendum sem ætlað er að ná yfir alla helstu áhættuþætti í starfsemi váttryggingafélaga miðað við 99,5% áhættuvirði (e. value at risk).


Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun gjaldþolslutfalls sem sýnir hlutfall gjaldþols (eiginfjárgrunnur) og gjaldþolskröfu (binding) váttryggingasamstæðanna fjögurra (Sjóvá, TM, VÍS, Vörður) frá því að gagnasöfnun hófst. Gjaldþolslutfallið hefur farið lækkandi frá því í júní 2016 en þá hafði hlutfallið hækkað tvo ársfjórðunga í röð. Viðsnúningur varð á þessari þróun á þriðja ársfjórðungi síðasta árs og hækkaði hlutfallið um 7 prósentustig frá árslokum 2017, úr 146% í 153%. Þessa þróun má rekja til þess að váttryggingasamstæðurnar

fjórar hafa dregið úr áhættutöku í fjárfestingum og treyst stóðir váttryggingarekstrar. Yfirlýst stefna váttryggingafélaga er að viðhalda hlutfallinu á bilinu 135 – 175% en gjaldþolslutfall þarf að vera að lágmarki 100%.

Með áður nefndum lögum um váttryggingastarfsemi er váttryggingafélögum einnig gert að framkvæma a.m.k. árlega eigið áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own Risk and Solvency Assessment, ORSA). Í því mati leggja váttryggingafélög sjálfstætt mat á gjaldþolsþörf með hliðsjón af áhættusniði félagsins nú og í nánustu framtíð. Niðurstaðan af því getur verið frábrugðin því sem fæst með staðalreglunni. Þess ber að geta að niðurstaða ORSA er ekki lögbundin gjaldþolskrafa. Hins vegar getur verið tilefni til að reikna gjaldþolskröfu samkvæmt eigin stikum eða eigin líkani, víki áhættusnið váttryggingafélags verulega frá forsendum staðalreglunnar.

ORSA mat váttryggingafélaga sýnir að þau telja að forsendur staðalreglunnar endurspegli áhættusnið þeirra í stórum dráttum. Þau frávik sem hvað helst ber á góma tengjast forsendum um dreift eignasafn og forsendum um samhverfa aðlögun hlutabréfa (e. symmetric adjustment) sem reiknast ýmist til hækkunar eða lækkunar miðað við þróun hlutabréfamarkaða í Evrópu. En vegna heimaríkisbjögunar (e. home bias) í eignasafni váttryggingafélaga er áhættusnið þeirra almennt talið frábrugðið forsendum staðalreglunnar.

Mynd 25 Þróun gjaldþolslutfalls váttryggingasamstæðanna fjögurra (Sjóvá, TM, VÍS, Vörður) frá árslokum 2015



3 Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar

Á liðnu ári voru starfandi 21 lífeyrissjóður sem veittu móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og buðu 14 þeirra upp á valfrjálsan séreignarsparnað. Lífeyrissjóðum fækkaði um einn á árinu er lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinaðist B-deild Brúar lífeyrissjóðs. Sjóðum hefur fækkað undanfarin ár, m.a. vegna aukinna krafna um stærðarhagkvæmni í rekstri. Eins og undanfarin ár voru starfandi sjö vörsluaðilar séreignarsparnaðar í samtals 32 deildum. Meðal þeirra voru tvö erlend tryggingafélög sem buðu upp á séreignarsparnað í sérsniðnum lífeyristryggingum.

Efnahagur

Í árslok 2018 nam lífeyrissparnaður landsmanna um 4.430 milljörðum kr., eða tæplega 160% af áætlaðri vergri landsframleiðslu (VLF) sem er svipað hlutfall og árið áður. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna námu 136% af VLF en séreignarsparnaður sjóðanna og innlendra vörsluaðila nam 24%. Hlutdeild séreignarsparnaðar nam um 15% af lífeyrissparnaðinum við árslok 2018.

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissparnaðar námu í árslok 2018 um 3.800 milljörðum kr. og jukust um 8,6% frá árinu 2017 sem er í takt við aukningu undanfarinna ára. Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða nam um 427 milljörðum kr. og jókst um tæplega 12% á liðnu ári. Á sama tíma nam séreignarsparnaður annarra innlendra vörsluaðila séreignarsparnaðar 203 milljörðum kr. og jókst einnig um nærri 12%. Mikil aukning séreignarsparnaðar

síðastliðin tvö ár er einkum tilkomin vegna svokallaðrar tilgreindrar séreignar þar sem hluta iðgjalds umfram lágmarkstryggingavernd má ráðstafa í séreign.

Fjárfestingar

Samtryggingardeildir

Helstu breytingar í eignaflokkum samtryggingardeilda lífeyrissjóða á árinu 2018 voru þær að fasteignaveðtryggð lán jukust um 101 milljarð kr. og nam hlutdeild þeirra af heildareignum um 12% við lok árs, sem er aukning um nærri tvö prósentustig frá fyrra ári. Þessi lán eru að mestu sjóðfélagalán eða um 88%. Hlutur ríkisvixla og skuldabréfa af heildareignum lækkaði hinsvegar úr 30% í 27% og er það lægsta hlutdeild þeirra um áratugaskeið. Verðbréf með föstum tekjum námu samtals um 56% af heildareignum samtryggingardeilda og er stærstur hluti þeirra útgefinn af ríkinu eða með ábyrgð þess.

Hlutabréf félaga námu um 586 milljörðum kr. í eignasafni samtryggingardeilda við árslok 2018. Það er nánast sama fjárhæð og árið áður og lækkaði hlutdeild þeirra úr 16% í 15% af heildareignum. Eignarhald lífeyrissjóða í innlendu atvinnulífi hefur verið mjög víðtækt um nokkurra ára skeið bæði í formi skuldabréfa og hlutabréfa. Skráð innlend hlutabréf námu 352 milljörðum kr. við árslok, eða tæplega 9% af heildareignum samtryggingardeilda. Skuldabréf sömu útgefenda námu 91 milljarði kr., eða nálægt um 2% af eignum samtryggingardeilda.

Tafla 8 Skipting eignaflokka samtryggingardeilda við árslok 2018

	M.kr.	Hlutfall
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)	1.036.444	27%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)	450.631	12%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)	155.030	4%
Innlán (B.b)	100.839	3%
Sértryggð skuldabréf (B.c)	178.223	5%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingaf. (C.a)	18.019	0%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)	721.983	19%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)	229.695	6%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl (D.b)	69.127	2%
Hlutabréf félaga (E.a)	586.587	15%
Hlutdeildarskírt. sjóða um sameiginl. fjárfestingu (E.b)	249.222	7%
Fasteignir (E.c)	83.697	0%
Afleiður (F.a)	87.395	0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)	3.221	0%
Samtals	3.799.192	100%

Erlendar eignir samtryggingardeilda jukust um 150 milljarða kr. á árinu 2018 og námu 1.100 milljörðum kr. við árslok sem er nálægt 29% af eignum þeirra og um 2 prósentustiga hækkun frá fyrra ári. Veruleg aukning hefur orðið í erlendum eignum síðastliðin tvö ár, eftir afnám gjaldeyrishafta. Bráðbirgðatölur benda til að nýfjárfestingar í erlendum eignum hafi numið um 130 milljörðum kr. á liðnu ári. Erlendar eignir eru að mestu leyti í hlutdeildarskríteinum verðbréfasjóða í tveimur gjaldmiðlum með um 76% í bandaríkjadöllum og 17% í evrum.


Fasteignaveðtrygð útlán lífeyrissjóða námu alls um 484 milljörðum kr. við árslok 2018. Lán til lögaðila námu 60 milljörðum kr. og jukust um 8 milljarða kr. frá árinu áður. Aukning í fasteignveðtrygðum útlánunum til sjóðfélaga heldur áfram eins og síðastliðin ár með nærri 100 milljarða kr. aukningu frá fyrra ári og námu útlánin 424 milljörðum kr. við árslok 2018. Þar af jukust óverðtrygð lán um 18 milljarða kr. Lífeyrissjóðir hafa um áratuga skeið verið stærstu fjármögnunaraðilar íbúðalána í gegnum Íbúðalánasjóð og forvera hans en síðustu árin hafa þeir aukið þessa fjármögnun með beinum hætti til sjóðfélaga og með kaupum á sértrygðum skuldabréfum bankanna.

Séreignarsparnaður


Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluáðila séreignarsparnaðar nam nærri 630 milljörðum kr. við árslok 2018 og jókst um 55 milljarða kr. milli ára. Um 75% þessara eigna eru í vörslu lífeyrissjóða. Að meginstofni til eru eignir séreignarsparnaðar landsmanna, nærri 63%, í formi innlána, hlutdeildarskríteina verðbréfasjóða og verðbréfa með ábyrgð ríkisins. Þessar eignir eru allajafna auðseljanlegar enda þarf að vera hægt að mæta kröfum um innlausnir og réttindaflutning sem átt geta sér stað með stuttum fyrirvara.

Helstu breytingar milli ára voru þær að eignir jukust umtalsvert í innlánum og sértrygðum skuldabréfum, annarsvegar um nærri 22 milljarða kr. og hinsvegar um 16 milljarða kr. Ríkisvixlar og skuldabréf og skuldabréf fyrirtækja jukust um 7 milljarða kr. hvor flokkur.

Mynd 26 Þróun erlendra eigna samtryggingar- og séreignardeilda og hlutfall þeirra af heildareignum lífeyrissjóða 2011-2018




Mynd 27 Þróun útlána lífeyrissjóða til sjóðfélaga 2011-2018 (heildarstaða í árslok hvers árs)



Tafla 9 Skipting eignaflokka séreignardeilda við árslok 2018

	M.kr.	Hlutfall
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)	123.940	20%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)	33.676	5%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)	15.430	2%
Innlán (B.b)	194.690	31%
Sértryggð skuldabréf (B.c)	49.690	8%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingaf. (C.a)	5.210	1%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)	110.283	18%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)	23.995	4%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl (D.b)	6.720	1%
Hlutabréf félaga (E.a)	35.850	6%
Hlutdeildarskírte. sjóða um sameiginl. fjárfestingu (E.b)	30.424	5%
Fasteignir (E.c)	-	0%
Afleiður (F.a)	-	0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)	60.977	0%
Samtals	629.969	100%

Mynd 28 Raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða 1997-2018



Afkoma

Miðað við fyrirliðgjandi gögn sem birt hafa verið í ársreikningum samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna var meðal raunávöxtun 2,0% á árinu 2018. Litið til síðustu 25 ára hefur raunávöxtun verið 4% að meðaltali. Til skemmri tíma hefur raunávöxtun verið 4% síðastliðin tíu ár og 4,4% síðastliðin fimm ár. Hlutabréfavísitala aðallista

Kauphallar (OMX Iceland) var nánast hin sama við lok árs 2018 og í upphafi árs, eftir töluverðar hækkunar síðustu ára. Erlendar eignir sjóðanna lækkuðu að jafnaði á árinu 2018 vegna neikvæðrar eignaverðspróunar á erlendum fjármálamörkuðum en veiking íslensku krónunnar vó það upp að mestu leyti.

Af hverju 3,5%?

Það er algengur misskilningur að ávöxtunarkrafa lífeyrissjóða sé bundin í lög. Engin lögbundin ávöxtunarkrafa er til fyrir sjóðina. Aftur á móti er ákvarðað með reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyris og starfsemi lífeyrissjóða hversu háa vexti skuli nota í tryggingafræðilegri athugun við núvirðisreikning á væntanlegum lífeyri og framtíðariðgjöldum. Þar kemur fram að miða skuli við 3,5% verðtryggða vexti við mat á skuldbindingum og framtíðariðgjöldum. Sömu vexti skal nota fyrir verðbréf með föstum tekjum.

Standist aðrar forsendur tryggingafræðilegs mats leiðir af því að raunávöxtun fjárfestinga þarf að ná 3,5% að jafnaði. Að öðrum kosti þarf að grípa til réttindaskerðinga. Fastir vextir í tryggingafræðilegu mati taka ekki tillit til áhættu fjárfestinga og eru þeir sömu hvort sem fjárfest er í ríkistryggðum skuldabréfum, áhættusamari skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum eða skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldmiðli.

Vextir á verðtryggðum lánnum til sjóðfélaga lífeyrissjóða á áttunda og níunda áratug síðustu aldar

voru í fyrstu 2% en hækkuðu síðar upp í að verða nálægt 5%. Á þessum árum greiddi Byggingasjóður ríkisins lífeyrissjóðum allt að 6,5% verðtryggða vexti. Nefnd sem samdi drög að áður nefndri reglugerð nr. 391/1998 horfði til útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs og raunvaxta húsbrefa, sem verið höfðu 4,75% meginhluta tíunda áratugarins. Þá var það fremur gagnrýnt að vaxtaviðmiðið væri of lágt en of hátt.

Ávöxtunarkrafa á verðtryggðum ríkisskuldabréfum hefur farið lakkandi undanfarna áratugi. Markaðsaðilar álitu lengi vel að tregðu gætti gagnvart því að hún færi niður fyrir 3,5% vegna ákvæða umræddrar reglugerðar. Verðtryggð skuldabréf ríkisins og Íbúðarlánasjóðs hafa verið lægri en 3,5% frá árinu 2010 og eru nú um 1,4-1,5% fyrir lengstu útgáfur.

Skuldbindingar lífeyrissjóða eru til langs tíma og ef þær væru metnar miðað við svokallaða áhættulausa vexti ykjast þær umtalsvert. Til að mæta því hafa lífeyrissjóðir sótt í meira mæli í áhættusamari skuldabréf og útlán, auk hlutabréfa.

4 Verðbréfamarkaður

Þróun á hlutabréfamarkaði

OMXIGI vísitala Kauphallarinnar byrjaði árið 2018 með nokkuð kröftuglegri hækkun í janúar. Hækkaði vísitalan um 6% þann mánuð og hélt áfram að hækka fram í maí en þá tók við lækkunartímabil og í lok árs 2018 hafði vísitalan lækkað um 2,8%. Til samanburðar hófst árið 2017 einnig á nokkrum hækkunum fram á mitt ár en frá þeim tíma tók markaðurinn aftur að lækka. Vísitalan hækkaði þó í heildina fyrir árið 2017 um 4,8%. Síðastliðin þrjú ár hefur ekki orðið mikil breyting á vísitölunni, frá byrjun árs 2016 til loka árs 2018 hefur vísitalan lækkað um 2,22%. Innan tímabilsins hefur vísitalan þó flókt þó nokkuð en munurinn á hæsta og lægsta gildi vísitölunnar er 20,29%.


Markaðsvirði skráðra félaga á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands lækkaði í lok árs 2017 þegar hlutabréf Össurar hf. voru afskráð en hækkaði svo aftur í júní 2018, þegar tvö félög voru tekin til viðskipta á markaðnum, Arion banki hf. og Heimavellir hf. Arion banki er fyrsti íslenski bankinn til að skrá hlutabréf sín á skipulegan verðbréfamarkað frá fjármálaáfallinu 2008. Samhliða töku til viðskipta héraendis voru heimildarskírteini tengd hlutabréfunum

tekin til viðskipta í Nasdaq Stockholm kauphöllinni í Svíþjóð.

Þá voru hlutabréf Kvikubanka hf. tekin til viðskipta á First North markaði Kauphallar Íslands í mars 2018 og á Aðalmarkaði í mars 2019. Nokkuð var um nafnbreytingar félaga á Aðalmarkaði en N1 (nú Festi), Fjarskipti (nú Sýn) og Nýherji (nú Origo) breyttu um nafn árið 2018.

Veltuhraði⁴ á hlutabréfamarkaði dróst saman á árinu 2018 samborið við 2017. Þá dróst veltan saman á árinu 2018, fór úr um 630 milljörðum kr. árið 2017 í 492 milljarða kr. árið 2018. Veltuhraði, sem er mælikvarði á hlutfall veltu af markaðsvirði, hefur verið nálægt 60% síðastliðin tvö ár en áberandi var mikil aukning í febrúar 2017, sem líklega er tilkomin vegna mikilla viðskipta tengdra afkomuviðvörðun frá Icelandair Group hf. Einnig er athyglisvert að á tímabilinu júní – október 2018 hélst sveifluhraði á markaðnum í kringum 40% en skaust svo upp í 69% í nóvember, en í byrjun þess mánaðar var tilkynnt um mögulega yfirtöku Icelandair Group á WOW air, en fallið var frá þeim áformum stuttu síðar.


Mynd 29 Þróun vísitölunnar Nasdaq OMXIGI



Heimild: Nasdaq Iceland hf.


⁴ Með veltuhraða er átt við hlutfall á milli daglegs meðaltals veltu og meðaltali af heildar markaðsvirði yfir árið.

Mynd 30 Markaðsvirði félaga á Aðalmarkaði



Heimild: Nasdaq Iceland hf.


Mynd 31 Veltuhraði hlutabréfa á Aðalmarkaði



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

Líkt og sjá má á mynd 33 eru kerfislega mikilvægu bankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, umfangsmiklir í viðskiptum með hlutabréf skráð á Aðalmarkað Kauphallar Íslands, en þeir standa að baki 74,1% af heildarveltu á markaðnum. Umfang Landsbankans hefur aukist síðastliðin þrjú ár, umfang Arion banka minnkaði örlítið á milli 2017 og 2018 en umfang Íslandsbanka dróst talsvert saman á árinu 2017 en jókst aftur 2018.

Mynd 33 Hlutfall markaðsaðila af heildarveltu viðskipta með hlutabréf á Aðalmarkaði.



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

■ 2016 ■ 2017 ■ 2018


*Virðing sameinaðist Kvika banka í nóvember 2017.

Þróun á skuldabréfamarkaði

Velta með skráð skuldabréf hefur dregist saman síðastliðin ár. Á árinu 2018 var heildarvelta með skuldabréf í Kauphöll Íslands 1.066 milljarðar kr. Til samanburðar var veltan 1.240 milljarðar kr. árið 2017 og 1.476 milljarðar kr. árið 2016. Líkt og undanfarin ár voru mest viðskipti með óverðtryggð ríkisskuldabréf. Á árinu 2018 var heildarvelta í Kauphöll Íslands með óverðtryggð ríkisskuldabréf um 700 milljarðar kr. Velta með skuldabréf útgefin af bönkum var töluverð árið 2018, eða 161 milljarður kr., en dróst aðeins saman frá árinu 2017 þegar hún var 163 milljarðar kr.


Af þeim markaðsaðilum sem framkvæma viðskipti með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands eru viðskiptabankarnir fjórir með mest umsvif. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn misstu allir eitthvað af sinni markaðshlutdeild á árinu 2018 frá því sem var árið 2017 en Kvika banki bætti örlítið við sína hlutdeild á árinu 2018. Þeir sem hafa bætt mestu hlutdeildinni við sig eru Íslenskir fjárfestar hf., sbr. mynd 34.

Mynd 32 Velta á Aðalmarkaði



Heimild: Nasdaq Iceland hf.

Mynd 34 Hlutdeild markaðsaðila á skuldabréfamarkaði



Á mynd 35 sést hvernig verðbólguálag⁵ til 10 ára hefur aukist nokkuð að undanfögnu. Álagið var 2,32% í byrjun árs 2017 en var orðið 3,93% í lok árs 2018. Verðbólguvæntingar markaðsins hafa þannig farið hækkandi frá miðju ári 2017.

Verðbólguálagið náði hámarki 30. október 2018 en það var þá 4,47%. Síðan þá hefur það farið lækkandi og var eins og fyrr segir 3,93% í árslok 2018. Lækkunin hefur

haldið áfram og það sem af er ári hefur verðbólguálagið lækkað þó nokkuð en það var komið niður í 3,07% 10. apríl. Verðbólguálagið náði hámarki 30. október 2018 en það var þá 4,47%. Síðan þá hefur það farið lækkandi og var eins og fyrr segir 3,93% í árslok 2018. Lækkunin hefur haldið áfram og það sem af er ári 2019 hefur verðbólguálagið lækkað nokkuð, en það var 3,07% þann 10. apríl 2019.

Mynd 35 Verðbólguálag




⁵ Mismunur á OMXI10YNI og OMXI10YI vísitölum Nasdaq sem lýsa ávöxtunarkröfu til 10 ára á markaði, annars vegar óverðtryggðri og hins vegar verðtryggðri.

Á mynd 36 má sjá hvernig markaðsvirði útgefinna skuldabréfa hefur þróast í Kauphöll Íslands undanfarin þrjú ár. Heildarverðmæti skráðra skuldabréfa nam 2.539 milljörðum kr. árið 2018 samanborið við 2.418 milljarða kr. árið 2017. Sex nýir skuldabréfaútgefendur voru

samþykktir á árinu 2018 (þrír á Aðalmarkaði og þrír á First North) en í heildina voru 60 nýir skuldabréfaflokkar teknir til viðskipta og var heildarfjöldi skuldabréfaflokka 178 í Kauphöll Íslands í árslok 2018.⁶

Mynd 36 Markaðsvirði skráðra skuldabréfa í árslok



⁶ Sjá Nordic Surveillance Annual Report 2018, bls. 14, frá Nasdaq.

5 Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir


Rekstrarfélögum verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins fækkaði um eitt á starfsárinu í kjölfar sameiningar Öldu sjóða og Júpíters rekstrarfélags og voru nú talsins í lok árs.

Á fyrstu árunum eftir fjármálaáfallið 2008 varð þróunin sú að verðbréfasjóðum fjölgaði en fjárfestingarsjóðum fækkaði. Ákveðinn viðsnúningur varð á þessu árið 2013 og frá þeim tíma hefur verðbréfasjóðum fækkað en fjárfestingarsjóðum fjölgað. Nú virðist ákveðnu jafnvægi vera náð í fjölda sjóða og hefur það haldist óbreytt frá 2017 til 2018. Alls voru starfræktir 40 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir og 60 fjárfestingarsjóðir og sjóðsdeildir í lok árs 2018.

Breyting á heildareignum sjóðanna hélst nokkuð í hendur við fjölda þeirra, þar sem heildareignir verðbréfasjóða jukust á fyrstu árunum eftir fjármálaáfallið 2008 en minnkuðu svo jafnt og þétt frá árinu 2013 þegar eignir fjárfestingarsjóða tóku að aukast. Þróun heildareigna sjóðanna á árinu var þannig að eignir verðbréfasjóða drógust saman um 8 milljarða kr. á árinu 2018, eða um 5%, og eignir fjárfestingarsjóðanna drógust saman um 6 milljarða kr., eða um 2%. Heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í lok árs 2018 voru um 474 milljarðar kr. Þar af námu eignir verðbréfasjóða um 148 milljörðum kr. og eignir fjárfestingarsjóða um 326 milljörðum kr.

Þá hefur einnig hægt verulega á fjölgun fagfjárfestasjóða. Eftir mikla fjölgun undanfarinna ára fjölgaði fagfjárfestasjóðum aðeins um einn á árinu 2018 og voru 114 fagfjárfestasjóðir starfræktir í lok árs 2018 og voru þeir í rekstri 12 aðila. Þá lækkuðu heildareignir þeirra um 48 milljarða kr. á sama tíma, fóru úr 441 milljarði kr. í 393 milljarða kr., sem er um 11% lækkun. Hrein eign þeirra var um 192 milljarðar kr., en skuldsetning hefur lítið breyst undanfarin ár og er yfirleitt í kringum 50%.

Mynd 37 Þróun heildareigna verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða 2015-2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið


Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, þ.e. í einstökum útgefendum, eignaflokkum, hlutföllum í skráðum og óskráðum fjármálagerningum og jafnframt hafa þeir heimild til lántöku. Þeir eru því áhættusamari í eðli sínu en verðbréfasjóðir.

Eignasamsetning verðbréfasjóða er mjög frábrugðin eignasamsetningu fjárfestingarsjóða en um 87% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Eignir fjárfestingarsjóða eru töluvert dreifðari en um 34% eigna þeirra eru í innlánnum og reiðufé, um 13% í hlutabréfum og um 37% í skuldabréfum, þar af 15% í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga og 22% í öðrum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum.

Eignir fagfjárfestingarsjóða eru einkum í skuldabréfum og þá aðallega í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, hlutabréfum og lánasamningum.

Mynd 38 Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða við árslok 2018



Heimild: Fjármálaeftirlitið

III. Annáll ársins



1 Helstu atburðir frá maí 2018 til aprílloka 2019

Umsagnarferli hjá EIOPA vegna fyrirhugaðrar uppfærslu og breytinga á gagnaskilatæknistöðlum lokið þann 11. maí Fjármálaeftirlitið vakti athygli markaðsaðila á því hinn 2. maí 2018 að yfir stæði umsagnarferli hjá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) vegna fyrirhugaðrar uppfærslu gagnaskilatæknistaðla. Í fréttatilkynningu sem birst hefði á heimasíðu EIOPA í lok liðins mánaðar hefði verið óskað umsagnar hagsmunaaðila um fyrirhugaðar breytingar á gagnaskilatæknistöðlum og viðmiðum um upplýsingagjöf á váttryggingamarkaði skv. Solvency II.

Samþykki fyrir skiptingu Íslenskra fjárfesta hf. í tvö félög Sagt var frá því 14. maí á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að hinn 9. maí 2018 hefði eftirlitið samþykkt skiptingu Íslenskra fjárfesta hf. í tvö félög á grundvelli 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Með skiptingunni flyttust tilteknar eignir og skuldir sem væru ótengdar rekstri fjármálafyrirtækja frá verðbréfafyrirtækinu til KJO ehf. sem myndi ekki stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Miðaðist skiptingin við 30. september 2017.

Tilkynning um óbreyttan eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki Fjármálaeftirlitið tilkynnti 15. maí 2018 um óbreyttan eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka Fjármálaeftirlitið tilkynnti 15. maí 2018 ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

Danska váttryggingafélagið Alpha Insurance A/S tekið til gjaldþrotaskipta Fjármálaeftirlitið birti frétt þann 16. maí 2018 um að þann 8. maí síðastliðinn hefði danska fjármálaeftirlitið, Finanstillynet, upplýst að danska váttryggingafélagið Alpha Insurance A/S hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns Tilkynnt var 17. maí 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá frá útibúi Assicurazioni Generali S.p.A í Bretlandi til Bothnia International Insurance Company Limited.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns Fjármálaeftirlitið tilkynnti 24. maí 2018 um yfirfærslu váttryggingastofns frá RiverStone Insurance Limited til Riverstone Insurance UK Limited.

Afturköllun staðfestingar fjárfestingarsjóðsins Alda Lausafjár sjóður

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 28. maí 2018 að það hefði þann 25. maí afturkallað staðfestingu fjárfestingarsjóðsins Alda Lausafjár sjóður, sem starfræktur væri af Öldu sjóðum hf.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2017

Fjármálaeftirlitið birti 4. júní frétt um það að stofnunin hefði tekið saman skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2017 hjá fjármálafyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkum, sparissjóðum, lánafyrirtækjum (einu nafni lánastofnanir). Enn fremur hjá verðbréfafyrirtækjum, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, ásamt upplýsingum um heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri einstakra rekstrarfélaga og heildareignir fagfjárfestingsjóða í rekstri rekstrarfélaga og annarra rekstraraðila. Jafnframt væri að finna í skýrslunni nánar tilteknar upplýsingar um greiðslustofnanir og innlánsdeildir samvinnufélaga.

Samruni Öldu sjóða hf. við Júpíter rekstrarfélag hf. Fjármálaeftirlitið birti þann 4. júní 2018 frétt um að stofnunin hefði þann 30. maí 2018 samþykkt samruna Öldu sjóða hf. við Júpíter rekstrarfélag hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Júpíter rekstrarfélag hf. tæki við öllum réttindum og skyldum Öldu sjóða hf. og yrðu fjármálafyrirtækin sameinuð undir nafni Júpíters rekstrarfélags hf.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns Fjármálaeftirlitið tilkynnti 6. júní 2018 um yfirfærslu váttryggingastofns frá The Solicitors Indemnity Mutual Insurance Association Limited til R&Q Gamma Company Limited. Fram kom að fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 1. júní 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Hver ber ábyrgð á hæfi stjórnarmanna?

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt 8. júní 2018 að vegna fjölmiðlaumfjöllunar undanfarið um hæfi tiltekinna stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila vildi Fjármálaeftirlitið áréttá að það væri fyrst og fremst á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að tryggja að framkvæmdastjóri og stjórnarmenn uppfylltu á hverjum tíma kröfur laga og reglna um hæfi og hæfni. Fyrirtækjunum og/eða aðilunum sjálfum

bæri jafnframt að upplýsa Fjármálaeftirlitið um það ef breytingar yrðu á áður veittum upplýsingum sem gætu haft áhrif á hæfi og hæfni framangreindra aðila.

Fjármálaeftirlitið birtir til umsagnar drög að reglum um skráningu þjónustuveitenda sem bjóða upp á stafræn veski og viðskipti með sýndarfé

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 13. júní 2018 að stofnunin hefði gefið út umræðuskjal nr. 2/2018 um drög að reglum um gjaldeyrisskiptastöðvar, peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þjónustuveitendur sem byðu upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja.

Skýrsla um lagaumgjörð Fjármálaeftirlitsins

Í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 13. júní 2018 var sagt frá því að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefði birt skýrslu og tillögur starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um Endurskoðun laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi o.fl. á vef sínum. Þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra hefði skipað starfshópin hinn 24. ágúst 2017 og hefði verkefni hans verið að endurskoða lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi auk ákvæða annarra laga um fjármálamarkaði eða fjármálafyrirtæki, sem tengdust eftirliti með markaðnum.

Staða lífeyrissjóðanna við árslok 2017

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 19. júní 2018 að birt hefði verið á vef stofnunarinnar samantekt um stöðu lífeyrissparnaðar, samtryggingar og séreignar við árslok 2017. Efnid væri unnið úr þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitinu hefðu borist frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Ábendingar vegna kaupa á váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum (Söfnunarlíftryggingum o.fl.)

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum þann 19. júní 2018 þar sem sagði að stofnunin teldi að tilefni væri til að vekja athygli á nokkrum atriðum vegna kaupa á váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum, svo sem fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í tengslum við söfnunarlíftryggingar. Mikilvægt væri að neytendur kynntu sér ítarlega þá afurð sem til skoðunar væri að kaupa, þar með talinn allan kostnað og þá áhættu sem í kaupunum fælist. Talin voru upp atriði sem sérstaklega skyldi litið til áður en viðskipti færu fram.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 25. júní 2018 um yfirfærslu váttryggingastofns frá Assured Guaranty (London) plc og Assured Guaranty (UK) plc til Assured Guaranty (Europe) plc. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu

dags. 20. júní 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Ný þjónustugátt

Fjármálaeftirlitið birti frétt 27. júní 2018 um að ný þjónustugátt hefði verið opnuð á vef Fjármálaeftirlitsins. Í þessari fyrstu útgáfu yrði hægt að taka rafrænt við upplýsingum í tengslum við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila en ætlunin væri að bjóða í framtíðinni upp á rafrænar innsendingar á öllum eyðublöðum, umsóknum og tilkynningum til Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 29. júní 2018 um óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 26. júní.

Túlkun Fjármálaeftirlitsins vegna markaðssetningar, dreifingar og sölu á tvíundar valréttum og mismunasamningum

Fjármálaeftirlitið birti 5. júlí 2018 frétt í tilefni af nýútgefinni túlkun Fjármálaeftirlitsins vegna markaðssetningar, dreifingar og sölu á tvíundar valréttum og mismunasamningum. Í fréttinni kom fram að Fjármálaeftirlitið teldi að markaðssetning, dreifing og sala á tvíundar valréttum og mismunasamningum, sem ráðstöfun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) frá 27. mars 2018 næði yfir, væri andstæð eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum og venjum í verðbréfavíðskiptum skv. 5. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ráðstöfun ESMA, sem byggði á heimildum í 40. gr. reglugerðar ESB nr. 600/2014 (MiFIR), sem hefði enn ekki verið innleidd á Íslandi, hefði verið í ljósi þess að umræddir fjármálagerningar væru áhættusamir, hefðu hátt flækjustig og hefðu orðið til þess að fjárfestar hefðu tapað umtalsverðum fjármunum.

Þjónustuveitendum með sýndarfé, rafeyri, gjaldmiðla og stafræn veski skylt að skrá sig fyrir lok júlímánaðar

Fjármálaeftirlitið vakti með frétt 6. júlí 2018 athygli á lögum nr. 91/2018 um breytingu á lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem tekið höfðu gildi 29. júní þess efnis að þjónustuveitendur sem nú þegar byðu upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja skyldu óska eftir skráningu hjá Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði frá gildistöku laganna. Þeim sem veittu ofangreinda þjónustu bæri með öðrum orðum að óska eftir skráningu fyrir lok júlímánaðar 2018.

Sala váttryggingatengdra fjárfestingarafurða NOVIS Insurance Company Inc.

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 16. júlí 2018 þar sem sagt var frá því að stofnunin hefði sent frá sér ábendingu vegna tiltekinnna váttryggingatengdra fjárfestingarafurða á vefsíðu sinni þann 19. júní. Í ábendingunni væru neytendur hvattir til að kynna sér ítarlega þær afurðir sem boðnar væru, þ.m.t. þann kostnað sem til félli og þá áhættu sem fylgdi afurðinni. Að gefnu tilefni vildi Fjármálaeftirlitið nú ítreka nefnda ábendingu og vekja athygli á að Fjármálaeftirlit Ungverjalands (Seðlabanki) hefði þann 4. júlí sl. stöðvað tímabundið nýsölu á söfnunarlíftryggingum NOVIS Insurance Company Inc. NOVIS Insurance Company Inc. sem væri með starfsemi víða í Evrópu, hefði í samstarfi við innlenda váttryggingamiðlun boðið afurðir sínar til íslenskra neytenda síðustu mánuði, þ. á m. söfnunarlíftryggingar.

Persónuverndaryfirlýsing Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt 16. júlí 2018 að stofnunin hefði birt persónuverndaryfirlýsingu á vef sínum og tilhefnt persónuverndarfulltrúa. Í persónuverndaryfirlýsingunni væri gerð grein fyrir stöðu Fjármálaeftirlitsins sem ábyrgðaraðila og vinnsluáðila og hvernig vinnslu persónuupplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu væri háttáð.

Íslenskir bankar í fyrsta sinn með í yfirliti EBA um áhættuvísa í starfsemi evrópskra banka

Sagt var frá því með frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 24. júlí 2018 að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (European Banking Authority, EBA) hefði frá árinu 2013 ársfjórðungslega gefið út yfirlit um fjölmarga áhættuvísa í starfsemi evrópskra banka. Vegna lagalegra og tæknilegra ástæðna hefðu gagnaskil frá Fjármálaeftirlitinu til EBA ekki hafist fyrr en að loknum fjórða ársfjórðungi 2017. Íslensku bankarnir Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn væru því í fyrsta sinn með í yfirliti EBA sem byggðist á tölum fyrsta ársfjórðungs 2018.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 14. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Prudential Assurance Company Ltd til Prudential International Assurance PLC. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 13. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 15. ágúst 2018 um yfirfærslu váttryggingastofns frá Financial Insurance Company Limited til AXA France IARD. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 23. júlí

2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofna

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 15. ágúst 2018 um yfirfærslu líftryggingastofna frá Financial Assurance Company Limited og Financial Insurance Company Limited til AXA France Vie. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 23. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 16. ágúst 2018 um yfirfærslu váttryggingastofns frá QBE Insurance (Europe) Limited til Reliance National Insurance Company (Europe) Limited. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu sem dagsett væri 24. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofna

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 17. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofna frá Tokio Marine Kiln Insurance Limited og HCC International Insurance Company Plc til Tokio Marine Europe SA. Fyrirhugaðar yfirfærslur væru í samræmi við tilkynningu dagsetta 25. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 17. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta líftryggingastofns frá Mobius Life Limited til Scottish Friendly Assurance Society Limited. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 26. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 20. ágúst 2018 um yfirfærslu líftryggingastofns frá Abbey Life Assurance Co Limited til Phoenix Life Limited. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 25. júlí 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 20. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Royal & Sun Alliance plc til RSA Luxembourg. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 8. ágúst 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 21. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Hiscox Insurance Company Limited til Hiscox S.A. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 14. ágúst 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 21. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá CNA Insurance Company Limited til CNA Insurance Company (Europe) S.A. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 20. ágúst 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofna

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 27. ágúst 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofna frá Endurance Worldwide Insurance Limited og Sompo Japan Nipponkoa Insurance Company of Europe Limited til SI Insurance (Europe), SA. Fyrirhugaðar yfirfærslur væru í samræmi við tilkynningu dagsetta 24. ágúst 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Uppfærð túlkun Fjármálaeftirlitsins vegna markaðssetningar, dreifingar og sölu á tvíundar valréttum og mismunasamningum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum hinn 28. ágúst 2018 að það hefði hinn 5. júlí síðastliðinn birt túlkun um markaðssetningu, dreifingu og sölu á tvíundar valréttum og mismunasamningum. Í túlkuninni var vísað til ráðstöfunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) frá 27. mars 2018. ESMA hefði nú tekið ákvörðun um að framlengja gildistíma ráðstöfunar stofnunarinnar, en samhliða því ákveðið að undanskilja tiltekna tegundir tvíundar valréttar frá banni stofnunarinnar. Í fréttinni var vísað á nánari upplýsingar um ákvörðun ESMA.

Fjármálaeftirlitið skráir Skiptimynt ehf. sem þjónustuveitanda viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 3. september 2018 að það hefði skráð Skiptimynt ehf. sem þjónustuveitanda viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla hinn 31. ágúst 2018, skv. 25. gr. a laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 4. gr. laga nr. 91/2018 og reglur nr. 670/2018.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti á vef sínum 5. september 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Aviva Insurance Limited til Aviva Insurance Ireland Designated Activity Company. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 4. september 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti á vef sínum 6. september 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Admiral Insurance Company Limited til Admiral Europe Compania de Seguros S.A. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 5. september 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti á vef sínum 10. september 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Fidelis Underwriting Ltd til Fidelis Risk Ireland DAC. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 7. september 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofna

Fjármálaeftirlitið tilkynnti á vef sínum 11. september 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá QBE Insurance (Europe) Limited og yfirfærslu váttryggingastofns frá QBE Re (Europe) Limited til QBE Europe SA/NV. Fyrirhugaðar yfirfærslur væru í samræmi við tilkynningu dags. 10. september 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Afturköllun starfsleyfis Guðmundar Þórs Magnússonar til miðlunar váttrygginga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt 19. september að stofnunin hefði afturkallað starfsleyfi Guðmundar Þórs Magnússonar, kt. 011158-2269, til miðlunar váttrygginga samkvæmt lögum nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, á grundvelli þess að starfsemi hefði verið hætt í meira en sex mánuði samfelt, sbr. 5. töluliður 1. mgr. 34. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið gefur út umræðuskjal um drög að reglum um váttryggingafélög sem undanþegin eru tilteknum ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi Fjármálaeftirlitið sagði hinn 19. september 2018 frá útgáfu umræðuskjals nr. 6/2018 um drög að reglum um váttryggingafélög sem undanþegin væru tilteknum ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Fjármálaeftirlitið veitir Aur app ehf. innheimtuleyfi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 20. september 2018 að stofnunin hefði þann 14. september veitt Aur app ehf. innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

Áhrif gildistöku EMIR reglugerðarinnar á Íslandi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt þann 1. október 2018 að þann dag tækju gildi lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Þar með öðlaðist reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár gildi. Sú reglugerð hefði einnig verið kölluð „European Market Infrastructure Regulation“ eða „EMIR“

Olaf Forberg leggur inn starfsleyfi sitt til miðlunar váttrygginga

Sagt var frá því með frétt á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 4. október 2018 að Olaf Forberg hefði lagt inn starfsleyfi sitt til miðlunar váttrygginga, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Innheimturáðgjöf ehf. afsalar sér innheimtuleyfi sínu

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 4. október 2018 að Innheimturáðgjöf ehf. hefði afsalað innheimtuleyfi sínu, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. a innheimtulaga nr. 95/2008. Fjármálaeftirlitið hefði staðfest afsal innheimtuleyfis Innheimturáðgjafar ehf. þann 12. september 2018.

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 9. október 2018 um óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 5. október 2018.

Vinna hafin við að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt á vef sínum 11. október 2018 að vinna væri hafin við að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið og að frétt þess efnis hefði verið birt á vef forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Í fréttinni kæmi fram að ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins hefði ákveðið að hefja endurskoðun lagaumgjarðar um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit.

Kynning á viðmiðunarreglum EBA um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja 17. október nk.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 15. október að miðvikudaginn 17. október færi fram kynning á viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti og sameiginlegum viðmiðunarreglum ESMA og EBA um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og

lykilstarfsmanna og að kynningin færi fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins. Í kjölfar fundarins voru glæsur frá kynningunni birtar á vef Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið birti hinn 23. október á vef sínum tilkynningu um yfirfærslu váttryggingastofns frá Aviva Life And Pensions UK Limited til Friends First Life Assurance Designated Activity Company. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 16. október 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Spurt og svarað fyrir verðbréfamarkað

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt á vef sínum í lok október að birt hefði verið skjal með spurningum og svörum fyrir verðbréfamarkað á vef Fjármálaeftirlitsins undir Réttarheimildir – Spurt og svarað/Túlkaniir. Markmið útgáfunnar væri að auka gagnsæi í framkvæmd eftirlitsins og veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem efnið varðaði meira öryggi við beitingu laga og reglna.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns

Hinn 5. nóvember 2018 var tilkynnt á vef Fjármálaeftirlitsins um yfirfærslu hluta líftryggingastofns frá Standard Life Assurance Limited til Standard Life International DAC. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 30. október 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Lánveitendur fasteignalána til neytenda skráningarskyldir

Fjármálaeftirlitið birti hinn 6. nóvember 2018 frétt um að undanfarið hefði Fjármálaeftirlitið þurft að bregðast við auglýsingum frá verktökum í byggingariðnaði þar sem kaupendum nýrra íbúða í þeirra eigu væri boðið að fjármagna kaup sín með veðtryggðu viðbótarláni frá hlutaðeigandi verktaka. Af þessu tilefni áréttaði Fjármálaeftirlitið að samkvæmt lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda væri það gert að skilyrði, svo aðili mætti veita fasteignalán til neytenda í atvinnuskyni, að hann hefði verið skráður hjá stofnuninni. Á grundvelli laganna hefði Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 666/2017 sem háværkuðu leyfilegt veðsetningarlutfall við 85% og 90% fyrir fyrstu kaupendum.

Fjármálaeftirlitið gefur út drög að viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt hinn 12. nóvember 2018 að stofnunin hefði gefið út umræðuskjal nr. 8/2018 sem innihéldi drög að uppfærðum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis (SREP) hjá fjármálafyrirtækjum.

Meðhöndlun innherjaupplýsinga hjá stjórnvöldum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 13. nóvember 2018 að stofnunin hefði sent dreifibréf til ráðuneyta og tiltekinna stofnana þar sem athygli væri vakin á gildandi lögum og reglum sem giltu um meðferð innherjaupplýsinga hjá stjórnvöldum.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti með frétt 13. nóvember um yfirfærslu váttryggingastofns frá Travelers Casualty and Surety Company of Europe Limited til Travelers Insurance Company Limited. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 6. nóvember 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Nýjar reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 19. nóvember 2018 frá því að stofnunin hefði gefið út nýjar reglur nr. 1001/2018 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja sem leystu af hólmi gildandi reglur um sama efni nr. 672/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Tímabundin stöðvun viðskipta

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt 26. nóvember 2018 að stofnunin hefði þann morgun ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga Icelandair Group hf. sem teknir hefðu verið til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland hf. Stöðvunin var afturkölluð síðar um daginn og sagt að hún hefði verið ákveðin í kjölfar tilkynningar frá félaginu um framgang mála um kaup á Wow air hf.

Fræðslufni gefið út um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 26. nóvember 2018 að dómsmálaráðuneytið hefði birt fræðslufni um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á vef sínum. Um væri að ræða tvo bæklinga sem fjölluðu annars vegar um um rannsóknar- og tilkynningarskyldu tilkynningarskyldra aðila og hins vegar um þjálfun starfsmanna.

Kröfur varðandi starfsemi lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið fór í frétt sem birtist á vef stofnunarinnar 28. nóvember 2018 yfir þær kröfur sem gerðar væru til starfsemi lífeyrissjóða. Þar sagði að vegna umfjöllunar í fjölmiðlum vildi Fjármálaeftirlitið minna á þær kröfur sem gerðar væru samkvæmt lögum til starfsemi lífeyrissjóða, meðal annars um ábyrgð stjórnar.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið birti tilkynningu 28. nóvember 2018 um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns frá Scottish Widows Limited to Scottish Widows Europe S.A. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 27. nóvember 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Fjármálaeftirlitið hvetur fyrirtæki og aðila á fjármálamarkaði til að gæta að netöryggi í starfsemi sinni

Fjármálaeftirlitið birti 30. nóvember 2018 frétt á vef sínum þar sem sagði að stofnunin hefði þann dag sent lífeyrissjóðum dreifibréf þar sem þeir væru hvattir til að gæta að netöryggi í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið sagðist jafnframt vilja vara önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði við. Sífellt algengara væri að fyrirtæki og aðilar á fjármálamarkaði væru skotmörk þar sem reynt væri að svíkja út fjármuni. Þau svik færu oft þannig fram að sendir væru póstar í nafni innri aðila þar sem óskað væri eftir millifærslu á ákveðinn reikning (e. CEO fraud) eða að brotist væri inn í tölvupósthólf starfsmanns til að breyta millifærsluupplýsingum sem bærust í tölvupósti.

Gagnatöflur váttryggingafélaga - þriðji ársfjórðungur 2018

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 10. desember 2018 að stofnunin hefði hafið ársfjórðungslega birtingu gagnatafla íslenskra váttryggingafélaga á samandregnu formi. Gagnatöflurnar byggðu á ársfjórðungslegum gagnaskilum váttryggingafélaga á móðurfélagsgrunni. Þessar fyrstu ársfjórðungslegu gagnatöflur sem birtar væru næðu til þriðja ársfjórðungs 2018.

Dreifibréf um nýtt og endurbætt verklag við framkvæmd vettvangsathugana

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 11. desember að stofnunin hefði sent dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila þar sem kynnt hefði verið nýtt og endurbætt verklag við framkvæmd vettvangsathugana. Verklagið væri í anda þess sem stuðst væri við víða í Evrópu og fæli m.a. í sér að vettvangsathuganir yrðu framkvæmdar í meira mæli á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og framsetning og eftirfylgni með niðurstöðu vettvangsathugana yrði með öðrum hætti en hingað til.

Íslenskir bankar í evrópskum samanburði

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 17. desember 2018 að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (European Banking Authority, EBA) hefði í fimmta sinn birt upplýsingar um rekstur og efnahag 130 banka á Evrópska efnahagssvæðinu. Birtar væru upplýsingar um hvern og einn banka. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn væru nú í fyrsta sinn með í þessum samanburði.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 18. desember 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Domestic & General Insurance Plc til Domestic & General Europe AG. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 12. desember 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 18. desember 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Travelers Insurance Company Limited til Travelers Insurance DAC. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 17. desember 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Umræðuskjal um drög að leiðbeinandi tilmælum um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 18. desember 2018 að stofnunin hefði gefið út umræðuskjal nr. 10/2018 um drög að leiðbeinandi tilmælum um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 18. desember 2018 um yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá Markel International Insurance Company Limited til Markel Insurance Societas Europaea. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu sem dagsett væri 17. desember 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Uppreiknaðar evrufjárhæðir laga nr. 100/2016

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 20. desember 2018 að birtar hefðu verið á vef Fjármálaeftirlitsins evrufjárhæðir laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi í samræmi við fyrirmæli laganna. Uppreiknaðar viðmiðunarfrjárhæðir laganna í íslenskum krónum giltu fyrir árið 2019.

Hefur þú áhuga á að sinna verkefnum fyrir Fjármálaeftirlitið?

Hefur þú áhuga á að sinna verkefnum fyrir Fjármálaeftirlitið var spurt í frétt Fjármálaeftirlitsins annan janúar 2019. Bent var á að við sérstakar aðstæður gæti komið til þess að Fjármálaeftirlitið þyrfti að kalla til sérfræðinga utan stofnunarinnar til að sinna afmörkuðum verkefnum. Fjármálaeftirlitið hefði til að mynda heimild til að skipa sérfræðing til að athuga tiltekna þætti í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru

leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Þá hefði Fjármálaeftirlitið heimild til að skipa bráðabirgðastjórn yfir eftirlitsskylda aðila við sérstakar aðstæður o.fl.

Söfnunarlíftryggingar – uppsögn váttryggingasamnings

Fjármálaeftirlitið hvatti neytendur í frétt 10. janúar 2019 til að kynna sér vandlega afleiðingar þess að segja upp samningi um sparnað eða líftryggingar hjá einu váttryggingafélagi til að flytja sig til annars. Í slíkum tilvikum þyrfti að hafa í huga að neytandinn gæti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við flutninginn þar sem áunnin réttindi hjá fyrra félaginu gætu tapast við uppsögn samningsins. Þá væri gott að hafa í huga við slíkar aðstæður að söfnunarlíftryggingar og viðbótarlífeyrissparnaður væru í eðli sínu langtíma fjárfestingar. Væri því haldið fram að viðkomandi fengi betri váttryggingarsamning hjá öðru váttryggingafélagi væri rétt að staldra við og spyrja gagnrýnna spurninga um þann samning sem um ræddi og þann váttryggjanda sem um ræddi.

Fjármálaeftirlitið metur Kviku banka hf. hæfan til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Kortabjónustunni hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 18. janúar 2019 að hinn 27. desember síðastliðinn hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Kvika banki hf. væri hæfur til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Kortabjónustunni hf. eða sem næmi yfir 50%, skv. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 120/2011 um greiðslubjónustu.

Fjármálaeftirlitið metur Kviku banka hf. hæfan til að fara með virkan eignarhlut í GAMMA Capital Management hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 18. janúar 2019 að það hefði hinn 17. janúar komist að þeirri niðurstöðu að Kvika banki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í GAMMA Capital Management hf. eða sem næmi yfir 50%, skv. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Tilkynning um fyrirhugaðar yfirfærslur hluta váttryggingastofna

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 25. janúar 2019 um yfirfærslur hluta váttryggingastofna frá Royal & Sun Alliance Insurance Plc og The Marine Insurance Company Limited til Mercantile Indemnity Company Limited. Fyrirhugaðar yfirfærslur væru í samræmi við tilkynningu dagsetta 24. janúar 2019 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Reglugerð um endurbótaáætlanir fjármálafyrirtækja gefin út

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 28. janúar 2019 á vef sínum að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefði gefið út reglugerð um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra nr. 50/2019. Reglugerðin gildi um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og samstæður þeirra ef við ætti samkvæmt IX. kafla A sömu laga.

Morgunverðarfundur um samkeppnisumhverfi fjármálakerfisins í tilefni 20 ára afmælis Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 29. janúar 2019 að stofnunin hygðist efna til morgunverðafundar um samkeppnisumhverfi fjármálakerfisins þriðjudaginn 12. febrúar næstkomandi.

Yfirlýsing vegna viðlagaæfingar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í janúar 2019

Fjármálaeftirlitið sendi frá sér yfirlýsingu 31. janúar 2019 þess efnis að stjórnvöld sem bæru ábyrgð á eftirliti með fjármálastöðugleika á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum hefðu haldið sameiginlega viðlagaæfingu 22. og 23. janúar með þátttöku 31 stjórnvalds frá Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Litháen, Noregi og Svíþjóð ásamt viðkomandi stofnunum Evrópusambandsins.

Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið sendi frá sér frétt þann 1. febrúar 2019 þess efnis að tekin hefði verið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 19. desember 2018.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti 4. febrúar 2019 um yfirfærslu hluta líftryggingastofns frá Prudential Assurance Company Limited til Rothesay Life Plc. Fyrirhuguð yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dagsetta 1. febrúar 2019 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

Uppfærð viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 8. febrúar 2019 að stofnunin hefði gefið út uppfærð viðmið og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP). Hin uppfærðu viðmið hefðu verið send til umsagnar með umræðuskjali nr. 8/2018 sem væri að finna undir umræðuskjöl á vef Fjármálaeftirlitsins.

Kynningarfundur fyrir starfsmenn fyrirtækja sem hafa heimild til að veita þjónustu í verðbréfavíðskiptum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 14. febrúar 2019 að daginn áður hefði stofnunin haldið kynningarfund fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja sem hefðu heimild til að veita þjónustu í verðbréfavíðskiptum. Á fundinum hefðu verið haldnar kynningar á völdum atriðum úr tilskipun Evrópusambandsins nr. 2014/65/ESB (MiFID II) og reglugerð nr. 600/2014/ESB (MiFIR) til að vekja athygli ofangreindra aðila á þeim nýjungum sem kynnu að hafa áhrif á starfsemi þeirra. Áætlað væri að MiFID II og MiFIR yrðu innleiddar í íslensk lög á árinu 2019.

Mikilvægt að fjárfestar kynni sér vel þau fyrirtæki sem þeir hyggjast eiga viðskipti við

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt 15. febrúar 2019 að stofnuninni hefðu borist upplýsingar um að erlent fyrirtæki, sem ekki hefði leyfi til að veita fjárfestingarþjónustu á Íslandi, hefði sett sig í samband við innlenda fjárfesta og boðið þeim að eiga svokölluð FX viðskipti sem tengd væru gjaldeyri. Af þessu tilefni vildi Fjármálaeftirlitið leggja áherslu á að mikilvægt væri að fjárfestar kynntu sér vel þá aðila sem þeir ákvæðu að eiga viðskipti við og öfluðu sér upplýsinga um þann kostnað sem fylgdi viðskiptunum. Ætti þetta ekki síst við um flókna og áhættusama fjármálagerninga og þjónustu sem kaupandinn hefði ekki þekkingu á.

Morgunverðarfundur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og viðnámsþrótt banka

Fjármálaeftirlitið bauð hinn 21. febrúar 2019 til morgunverðafundar um eiginfjárkröfur og viðnámsþrótt banka þann 5. mars. Framsögumenn á fundinum voru: Martin Hellwig, prófessor og annar höfundur metsölubókarinnar The Bankers' New Clothes: What's Wrong with Banking and What to Do About It, Perla Ösp Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Landsbankanum og Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins. Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins stýrði fundinum.

Ársfjórðungsleg birting sundurliðunar fjárfestinga samtryggingar og séreignar

Fjármálaeftirlitið skýrði frá því í frétt á vef stofnunarinnar þann 22. febrúar að stofnunin hefði hafið ársfjórðungslega birtingu upplýsinga úr innsendum skýrslum um sundurliðun fjárfestinga samtryggingar- og séreignadeilda lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignasparnaðar. Fram að þessu hefðu upplýsingarnar verið birtar í árlegri útgáfu sem bæri heitið Samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða.

Upplýsingar tengdar Brexit án samnings

Fjármálaeftirlitið birti þrjár fréttir á vef sínum 26. febrúar 2019 þar sem upplýsingum var miðlað til neytenda, fyrirtækja á fjármálamarkaði og aðila á verðbréfamarkaði vegna EMIR ef til þess kæmi að Bretland gengi úr ESB án samnings.

Dómur kveðinn upp í máli Arctica Finance hf. gegn Fjármálaeftirlitinu

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef stofnunarinnar 8. mars 2019 að Héraðsdómur Reykjavíkur hefði kveðið upp dóm í máli Arctica Finance hf. gegn Fjármálaeftirlitinu. Í málinu var tekist á um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 20. september 2017 um að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 72.000.000 króna á Arctica Finance hf. fyrir brot á lögum og reglum um kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja. Í fréttinni sagði meðal annars að dómurinn hefði fallist á að arðgreiðslur til starfsmanna Arctica Finance hf. hefðu í raun verið kaupauki, en fallist hefði verið að hluta á kröfu Arctica Finance hf. um að ógilda framangreinda ákvörðun og lækka sektarfjárhæðina.

Fjármálaeftirlitið gefur út ný leiðbeinandi tilmæli vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 13. mars 2019 að gefin hefðu verið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Um væri að ræða uppfærslu á núgildandi leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

Gagnatöflur váttryggingafélaga - fjórði ársfjórðungur 2018

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 13. mars 2019 að stofnunin hefði birt gagnatöflur íslenskra váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir fjórða ársfjórðung 2018. Gagnatöflurnar byggðu á ársfjórðungslegum gagnaskilum váttryggingafélaga á móðurfélagsgrunni.

Gagnvirkt safn ESMA

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því á vef sínum 15. mars 2019 að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) starfrækti gagnvirkt safn margs konar regluverks á vefsíðu sinni. Nýverið hefði MiFID2 tilskipuninni og MiFIR reglugerðinni verið bætt við safnið, en fyrir í því hefðu verið UCITS tilskipunin og CRAR reglugerðin.

Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 19. mars 2019 að stofnunin hefði gefið út almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins

með váttryggingafélögum. Tilgangur viðmiðanna væri að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins eins og kveðið væri á um í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 100/2016

Virkir eigendur Centra Fyrirtækjaráðgjafar hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef stofnunarinnar 20. mars 2019 að þann 22. febrúar hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að félögin Ditto dx slf., Bellevue Partners dx slf., Bdix dx slf., Svinnur dx slf. og HB Consulting dx slf. væru hvert um sig hæft til að fara með virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Iceland Tax Free ehf. afskráð sem gjaldeyrisskiptastöð

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef sínum 20. mars að þann 15. mars síðastliðinn hefði Fjármálaeftirlitið felld Iceland Tax Free ehf. af skrá yfir gjaldeyrisskiptastöðvar, að beiðni félagsins.

Morgunverðarfundur um framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfið

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum þann 21. mars að stofnunin myndi efna til morgunverðarfundar um framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfið þann 2. apríl næstkomandi. Framsögumenn væru: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Boðið yrði upp á fyrirspurnir og stuttar umræður að erindum loknum.

Starfsleyfi váttryggingamiðlara

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 22. mars 2019 að stofnunin hefði þann 11. mars 2019 veitt þinni ráðgjöf ehf. starfsleyfi sem váttryggingamiðlun skv. 1. tl. 2. mgr. 1. gr., sbr. 9. gr. laga um miðlun váttrygginga nr. 32/2005. Starfsleyfið væri bundið við miðlun frumtrygginga í heild skv. 20. og 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Virkir eigendur Íslenskra verðbréfa hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt á vef 27. mars 2019 að 25. mars síðastliðinn hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Björg Capital ehf. og tengdir aðilar teldust hæfir til að fara með virkan eignarhlut sem næmi 50% í Íslenskum verðbréfum hf., þ.m.t. í dóttur- og hlutdeildarfélagunum ÍV sjóðum hf. og T Plús hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns
Fjármálaeftirlitið birti 1. apríl 2019 tilkynningu um yfirfærslu líftryggingastofns frá AB SEB Gyvbyés draudimas til Apdrosinasana akciju sabiedriba SEB Dzivibas apdrosinasana.

Fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2019
Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 2. apríl 2019 að fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2019 hefði verið haldinn. Samþykkt hefði verið að beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda sveiflujöfnunarauka og eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki óbreyttum.

Tilkynning um áframhaldandi eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt á vef sínum 4. apríl 2019 að stofnunin hefði þann dag tilkynnt um áframhaldandi eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 1. apríl 2019.

Ríkislögreglustjóri birtir áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka á Íslandi

Fjármálaeftirlitið birti 5. apríl á vef sínum frétt þess efnis að þann dag hefði Ríkislögreglustjóri birt á vefsíðu sinni áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka á Íslandi. Áhættumatið byggði á 4. gr. laga nr. 140/2018 og skyldi m.a. notað til að gera úrbætur á vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, greina atvinnugreinar eða aðstæður sem fælu í sér litla eða miklu hættu, greina hvar þörf væri á breytingu á regluverki, og vera eftirlitsaðilum til leiðbeiningar varðandi áhættumiðað eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur metið G 62 ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf.

Fjármálaeftirliti birti frétt á vef sínum 11. apríl þar sem fram kom að þann 5. apríl hefði stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að G 62 ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Yfirlýsing vegna áskriftasöfnunar á vefsíðunni hluthafi.com

Fjármálaeftirlitið birti frétt 15. apríl þar sem fram kom að fyrr um daginn hefði Fjármálaeftirlitið sent erindi til forsvarsmanna vefsíðunnar hluthafi.com þar sem gerð hefði verið krafa um að heimasíðunni yrði lokað þar sem ekki virtust uppfyllt skilyrði laga um verðbréfavíðskipti, m.a. varðandi útgáfu lýsingar. Í kjölfar þessa hefðu forsvarsmenn hluthafi.com breytt fyrirkomulagi

áskriftarsöfnunarinnar á þann hátt að nú væri miðað við skráningu fyrir hlutaskírteini í einkahlutafélagi sem félli ekki undir lög um verðbréfavíðskipti.

Kynning á viðmiðunarreglum um áhættuþætti

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt á vef sínum 15. apríl frá því að þann 12. apríl 2019 hefði verið haldin kynning fyrir tilkynningarskylda aðila skv. lögum nr. 140/2018 á viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitstofnananna um áhættuþætti. Kynningin hefði verið vel sótt af fulltrúum þeirra tilkynningarskyldu aðila sem heyrðu undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og væri liður í undirbúningi þessara aðila fyrir gildistöku kröfu um gerð áhættumats sem tæki gildi þann 1. júní nk.

Fjármálaeftirlitið birtir fræðsluefni um aðgerðir gegn peningaþvætti

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 16. apríl að stofnunin hefði birt fræðsluefni um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um væri að ræða tvenns konar leiðbeiningar. Annars vegar um vápætti á bankamarkaði og hins vegar um áhættuþætti á líftryggingamarkaði.

Fjármálaeftirlitið metur Tómas Karl Aðalsteinsson hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf.

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 29. apríl þess efnis að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Tómas Karl Aðalsteinsson væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf. sem næmi allt að 50%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið metur Norðurvör ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf.

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 29. apríl þess efnis að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Norðurvör ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið metur Selsvelli ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf.

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum 29. apríl þess efnis að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Selsvellir ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf. sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2018 til aprílloka 2019

- 3. maí 2018: Niðurstaða athugunar á tilgreindum þáttum áhættustýringar hjá Stefni hf.
- 8. maí 2018: Stjórnvaldssekt vegna brota Arev verðbréfafyrirtækis hf. gegn 5. og 6. gr. laga nr. 108/2007 og 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007, sem og 142. gr. laganna
- 15. maí 2018: Niðurstaða athugunar á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Kortþjónustunni hf.
- 24. maí 2018: Niðurstaða athugunar á ferli við uppgreiðslu fasteignalána hjá nokkrum eftirlitsskyldum aðilum
- 25. júní 2018: Niðurstaða athugunar á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá sparisjóðunum
- 3. júlí 2018: Samkomulag um sátt vegna brots Stapa lífeyrissjóðs á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 20. ág. 2018: Niðurstaða athugunar á tilkynningum Gamma Capital Management hf. til Fjármálaeftirlitsins um hreinar skortstöður
- 21. ág. 2018: Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins á viðskiptaháttum Trygginga og ráðgjafar ehf. í tengslum við sölu á váttryggingarafurðum NOVIS Insurance Company Inc.
- 31. ág. 2018: Samkomulag um sátt vegna brots Váttryggingafélags Íslands hf. á 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 19. sept. 2018: 2018: Niðurstaða athugunar á meðhöndlun kvartana hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.
- 28. sept. 2018: Niðurstaða athugunar á upplýsingakerfi Borgunar hf.
- 2. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Birtu lífeyrissjóði
- 2. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum
- 2. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Gildi lífeyrissjóði
- 2. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Íslenska lífeyrissjóðnum
- 2. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna
- 12. okt. 2018: Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Landsbankanum hf.
- 12. okt. 2018: Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf.
- 12. okt. 2018: Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Íslandsbanka hf.
- 18. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á gjaldeyrisskiptum án skráningar
- 19. okt. 2018: Niðurstaða athugunar á meðhöndlun kvartana hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga
- 2. nóv. 2018: Niðurstaða um brot Símans hf. á 126. gr. laga nr. 108/2007
- 29. nóv. 2018: Niðurstaða athugunar á upplýsingakerfum Valitor hf.
- 20. des. 2018: Niðurstaða athugunar á verklagi við uppgjör á bótum vegna ökutækjatjóna hjá Verði
- 20. des. 2018: Niðurstaða athugunar á verklagi við uppgjör á bótum vegna ökutækjatjóna hjá Tryggingamiðstöðinni
- 16. jan. 2019: Niðurstaða athugunar á meðhöndlun kvartana hjá Tryggingamiðstöðinni hf., Váttryggingafélagi Íslands hf. og Verði tryggingum hf.
- 23. jan. 2019: Niðurstaða athugunar á tilkynningum Arion banka hf. um skortstöður til Fjármálaeftirlitsins
- 25. jan. 2019: Niðurstaða athugunar á meðhöndlun kvartana hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
- 22. feb. 2019: Samkomulag um sátt vegna brots Landsbankans hf. á 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 12. mars 2019: Niðurstaða athugunar á túlkun skilmála og framkvæmd tjónauppgjors vegna fjölskyldutrygginga hjá Sjóvá – Almennum tryggingum hf. og Váttryggingafélagi Íslands hf.
- 20. mars 2019: Niðurstaða athugunar á þátttöku framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis í atvinnurekstri
- 5. apr. 2019: Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingum og ráðgjöf ehf.
- 5. apr. 2019: Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingamiðlun Íslands ehf.
- 5. apr. 2019: Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggja ehf.
- 5. apr. 2019: Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Nýju váttryggingaþjónustunni ehf.
- 9. apr. 2019: Niðurstaða um brot Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

3 Yfirlit yfir tölublað Fjármála og greinar frá 1. maí 2018 til aprílloka 2019

Fjármál 2. tölublað 7. árgangur október 2018

Áratugur frá hruni

Umbætur í starfi Fjármálaeftirlitsins og verkefni framundan

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Uppgjör lífeyrissjóða og áskoranir

Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu

Basel III: Lokaskrefin í nýjum staðli

Guðmundur Örn Jónsson og Kristján Ólafur Jóhannesson, sérfræðingar í áhættugreiningu

PSD2 og tækniáðlarnir sem varða framtíðina

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings

Hafa hluthafastefnur íslenskra fagfjárfesta breyst á síðustu árum?

Bjarni Magnússon, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti

Fjármál 1. tölublað 8. árgangur febrúar 2019

Sveiflujöfnunarauki og kerfisáhætta

Bryndís Ásbjarnardóttir, forstöðumaður þjóðhagsvarúðar

Greining á viðnámsþrótti heimila og fyrirtækja

Loftur Hreinsson, sérfræðingur í þjóðhagsvarúð

Hefur hækkun fasteignaverðs aukið kerfisáhættu á fjármálamörkuðum?

Jón Guðjónsson, sérfræðingur í þjóðhagsvarúð

Grænn fjármálamarkaður - Áhrif loftlagsbreytinga og aðgerða í loftslagsmálum á fjármálamarkað

Sigurður Freyr Jónatansson, sérfræðingur í þjóðhagsvarúð

Lífeyrissjóðir og ábyrgar fjárfestingar

Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Helga Rut Eysteinsdóttir, lögfræðingur á sviði lagalegs eftirlits og vettvangsathugana

IV. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2014	2015	2016	2017	2018
<i>Starfsleyfis skyldur eða starfa skv. sérlögum:</i>						
Viðskiptabankar		4	4	4	4	4
Sparisjóðir		7	4	4	4	4
Lánafyrirtæki		6	5	5	5	5
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1	0
Verðbréfafyrirtæki		9	10	10	9	9
Verðbréfamiðlanir		2	1	0	0	0
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	10	10	10	10	9
Fagfjárfestingsjóðir - lögaðilar		9	14	22	20	20
Kauphallir		1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1	2	2
Lífeyrissjóðir	2)	26	26	25	22	21
Vátryggingafélög		12	12	12	11	11
Vátryggingamiðlanir		9	9	9	9	7
Aðilar með innheimtuleyfi		6	8	8	7	8
Greiðslustofnanir		1	1	1	1	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar		1	1	1	1	1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2	1
Skráðir lánveitendur		0	0	0	1	1
Þjónustuveitendur sýndarfjár		0	0	0	0	1
Samtals		108	111	117	110	107
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>						
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	53	50	47	42	40
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	48	53	60	60	60
Fagfjárfestingsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	65	71	84	91	97
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	13	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa		17	20	21	20	23
Útgefendur skráðra skuldabréfa		60	60	57	65	50
Umboðsaðili erlendra greiðslustofnunar		1	1	1	2	4
Eignarhaldsfélög	5)	10	11	9	6	6
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		11	2	2	1	0
Alls		386	387	406	405	395

1) Sjá enn fremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Viðskiptabankar og sparisjóðir. Allir einnig taldir í fjöldatölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 100/2016. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Fjöldi í lok árs	2017	2018
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	337	279
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	93 (807)	122(1010)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2566	2523
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	411	419
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar	343	350
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5960	5574
Erlendar greiðslustofnanir með umboðsaðila	2	2
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	147	167
Erlend rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila	1	1
Lánamiðlun	9	14
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	94	122

Fjöldi félaga sem skráð eru utan Evrópu og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga.

Fjöldi í lok árs	2017	2018
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	26(36)	35(54)



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND